



Á sprettinum við Sæbraut Margir nota göngustíginn meðfram sjónum við Sæbraut til hvers konar útiveru. Hér má sjá ungan mann skokka fram hjá listaverkinu Vörðunni eftir Jóhann Eyfells. Hinum megin við sundið má svo sjá Kjalarnesið. Fréttablaðið/Pjetur



Eldhaf glepti bifreiðar og byggingar í Kaliforníu í gær. NordicPhotos/AFP

## Skógareldar eyðileggja tugi heimila

**BANDARÍKIN** Skógareldar geisa enn á vesturströnd Bandaríkjanna og þurftu þúsundir Bandaríkjamanna að flýja heimili sín í gær vegna skógarelda norður af borginni San Francisco. Eldarnir höfðu í gær brennt rúma fjöruþú þúsund hektara af ræktarlandi, auk skóla, verslana og 81 heimilis til grunna. Fimm þúsund slökkviliðsmenn voru á svæðinu að reyna að ráða við aðstæður í gær.

Jerry Brown, ríkisstjóri Kaliforníu, sem San Francisco tilheyrir, hefur lýst yfir neyðarástandi.

Miklir skógareldar hafa geisad á vesturströnd Bandaríkjanna undanfarið vegna þurrkatímabils undanfarinna ára sem eru með þeim verstu í manna minnum.

Kalifornía hefur varið hundruðum milljóna bandaríkjadala í að berjast við eldana. Þar af rúmlega 200 milljónum, andvirði 25 milljarða íslenskra króna, í júlímánuði einum. — þea

# Óábyrgt er að velta ábyrgð á Seðlabanka

Margir þættir í efnahagslífinu benda til þenslumyndunar. Prófessor í hagfræði telur mikilvægt að beita fjárlögum í meira mæli til að berjast gegn þenslumyndun. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra telur ríkissjóð ekki ýta undir þenslu.

**EFNAHAGSMÁL** Vinnuarkaðsrannsókn Vinnuáráðs stofnunar spáir enn frekari samdrætti í atvinnuleysi á næsta ári og að atvinnuleysi á ársgrundvelli verði um 2,7 prósent. Þá spáir stofnunin því að vöxtur verði í innflutningi á erlendu vinnuafli. Hagvöxtur jókst um 5,2 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins, verðbólga eykst, Seðlabankinn hefur í tvi-gang hækkað stýrivexti og auk þess boðar ríkisstjórnin skattalækkanir og afnáms tolla á sérvöru. Þórólfur Matthíasson, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands, segir margt benda til þenslumyndunar.

„Það eru alls konar merki sem benda til þess að slakinn í efnahagslífinu sé búinn og farið er að ganga á hann,“ segir Þórólfur.

Hann segir að þó sé ekki hægt að fullyrða að ástandið á vinnuarkaðnum sé orðið álíka og fyrir hrún. „Við búum enn við fjármagnshöft þannig að við höfum ekki sama innflæði fjármagns eins og við höfðum fyrir hrún. Að því leyti er ástandið ólíkt.“

Hann segir að stjórnvöld verði

Það þarf að samþætta fjármála- og peningamála- og pólitíkina


Þórólfur Matthíasson



að beita sér í meira mæli samhliða Seðlabankanum við að passa upp á að hér skapist ekki of mikil þensla.

„Samtök atvinnulífsins hafa þegar bent á að óvarlegt er að fara út í þær skattalækkanir sem hafa verið boðaðar. Það þarf að samþætta fjármála- og peningamála- og pólitíkina,“ segir Þórólfur og bendir á að það sé varhugavert að velta allri ábyrgð vegna þenslumyndunar yfir á Seðlabankann en það komi til með að valda vaxtahækkunum. „Og þeir [vextirnir] eru nú nógu háir fyrir af ýmsum ástæðum. Það væri æskilegra að beita fjárlögum í meira mæli til að draga úr skattalækkunum og frestum á framkvæmdum og þess háttar.“

### Menntun atvinnulausra



Bjarni Benediktsson virðist ekki sömu skoðunar en hann telur ríkissjóð ekki standa í þensluhvetjandi aðgerðum og telur höfrungahlaupid á vinnuarkaði ekki til bóta. — sa, srs / sjá síðu 4

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ensk stjórnmal og áhrif þeirra hér. **12-13**

**SPORT** Breiðabliksstúlkur fengu Íslandsbikarinn afhentan. **14-16**

**MENNING** Líf og fjör í Skírisskógi. **22-24**

**LÍFIÐ** Leikur í nýrri herferð. **28-30**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** • FÓLK • FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## LANDMARK FASTEIGNASALA


Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

## Veður



Norðaustan 8-15 m/s um landið norð-vestanvert í dag en hægur vindur í öðrum landshlutum. Þurrkt að mestu og nokkuð bjart veður sunnan- og suðvestanlands, annars skýjað og víða dálítil rigning fyrir norðan og austan. Hiti 6 til 15 stig, hlýjast á Suðurlandi. **SJÁ SIÐU 20**



Flóttabörn að leik í þýsku borginni München. NordicPhotos/AFP

## Þjóðverjar hefja eftirlit á landamærum

**ÞÝSKALAND** Þýska ríkisstjórnin ætlar að taka upp tímabundið landamæraeftirlit við landamæri Þýskalands og Austurríkis.

„Landamæraeftirlitið er sárnaðsynlegt fyrir Þýskaland svo hægt sé að takmarka flæði flóttafólks inn til Þýskalands og koma skipulagi á mót-töku þess.“ sagði Thomas de Maizière innanríkisráðherra þegar hann tilkynnti um aðgerðirnar í gær.

Þýskaland er hluti af Schengen og samkvæmt reglum samstarfsins mega ríki innan þess ekki takmarka för fólks innan svæðisins. De Maizière bendir hins vegar á heimild til að herða landamæraeftirlit af þjóðaröryggisástæðum.

„Maður sér að Þjóðverjar eru að fara af miklum þunga fram á endursamning á öllu kerfinu. Þeir eru farnir að tala mjög harkalega í garð þeirra ríkja sem neita að taka þátt í því að koma upp kvótafyrirkomulagi.“ segir Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur.

„Ég held að þarna sé mikil togstreita og að það muni verða þarna skjálftahrinur sem muni ganga eftir þessum flekaskilum sem eru að verða milli austurs og vesturs.“ segir Eiríkur og veltir því fyrir sér hvort vesturveldin, sem vilja dreifa ábyrgð vandans, muni loka á ríki á borð við Ungverjaland en Eiríkur segir þá fylgja harðlínustefnu sem feli í sér mjög alvarleg mannréttindabrot.

„Ég held að íslensk stjórnvöld þurfi að ákveða hvorum megin hryggjar þau verði.“ segir Eiríkur. – **þea**

## Piltar og stúlkur spila fótbolta í Kópavogi



Nokkur umræða varð fyrir nokkru um jafnræði kynjanna á fótaboltavöllum í Kópavogi. Í gær léku stúlkurnar í Val og Breiðabliki á Kópavogsvelli, þar sem leikið var til úrslita í þriðja flokki kvenna. Á meðan léku piltar í öðrum flokki, Breiðablik og Snæfellsnes, á Smárahvammsvelli. Fréttablaðið/Pjetur

## Hjólafólk fær nýjar leiðir í borginni

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fyrir árið 2020 á að verða kominn 4,7 kílómetra langur hjólastigur meðfram Bústaðavegi í Reykjavík, allt frá Elliðaárdal að Snorrabraut.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri endurskoðaðri hjólréiðaaætlun Reykjavíkurborgar.

Þá stendur til að leggja hjólastíga um Elliðaárdal milli Höfðabakka og Reykjanesbrautar og með fram Kringlumýrabraut milli Bústaðavegar og Laugavegar.

Þá verður komin samfelld og greið norður-suður hjólaleið í gegnum borgina allt frá Fossvogsdal í suðri til sjávar í norðri.

Áætlunin, sem enn er óbirt en til stendur að kynna á ráðstefnu um hjólréiðar í Smáralind næsta föstudag, er afrakstur starfshóps um endurskoðun á hjólréiðaaætlun borgarinnar sem borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að skipa 7. október 2014. Fyrri áætlun er frá árinu 2010. – **vak**

# Segir viljandi skemmt fyrir hjá Radio Iceland

Fyrirverandi starfsmaður Radio Iceland segir mikla óvissu ríkja um rekstur stöðvarinnar þrátt fyrir utanaðkomandi aðstoð. Hún segir útvarpsstjórnann, Adolf Inga Erlingsson, ekki aðhafast neitt til að bæta stöðuna.

**VINNUDEILUR** „Það komu aldrei skýr svör við neinu.“ segir Wiktoria Joanna Ginter, fyrirverandi starfsmaður Radio Iceland. Hún segir eiganda stöðvarinnar, Adolf Inga Erlingsson, gera allt sem í hans valdi stendur til að skaða starfsemi stöðvarinnar viljandi.

„Mér þykir það mjög skrítið að okkur sé sagt að stöðin sé studd fjárhagslega af ákveðnum einstaklingi til áramóta en Adolf virðist eyðileggja allar tilraunir til að halda stöðinni gangandi.“ segir hún.

Wiktoria kom fyrst inn á stöðina í apríl síðastliðnum en á þeim tíma voru rekstrarörðugleikar á stöðinni að hennar sögn. Hún segir að samkvæmt samkomulagi við Adolf Inga myndi hún vinna launalaust þar til að stöðin rétti úr kútnum.

Í lok júní var greint frá því að Radio Iceland myndi hætta vegna fjárhagsörðugleika. „Ég sat heima og sá þá skyndilega tilkynningu á Facebook um að stöðinni ætti að loka á miðnætti. Mér þótti það mjög skrítið vegna þess að þeir létu ekki neinn starfsmannanna vita.“ segir hún.

Yfirvofandi lokun stöðvarinnar varð þó skammlíf þar sem dularfullur styrktaraðili frá Svíþjóð hljóp undir bagga með stöðinni.

Eftir fjárstuðninginn ákvað starfsfólkið að koma með hugmyndir um hvernig væri hægt að bæta ímynd stöðvarinnar og tryggja áframhaldandi rekstur hennar.

„Okkur var annt um rekstur stöðvarinnar og spurðum ítrekað um hver framtíð hennar yrði en við fengum engin svör. Til dæmis fann ég vefhönnuð sem var tilbúinn til að hanna nýja vefsíðu og fá greitt um leið og auglýsingatekjur kæmu í hús.“ Þrátt fyrir vilja vefhönnuðarins var honum vísað frá.

„Fyrir nokkru spurði ég fram-



Í tölvupósti til Wiktoria segir Adolf Ingi að ekkert samkomulag hafi verið gert við hana um störf hennar á stöðinni. Fréttablaðið/Pjetur

Ég sat heima og sá þá skyndilega tilkynningu á Facebook um að stöðinni ætti að loka á miðnætti. Mér þótti það mjög skrítið vegna þess að þeir létu ekki neinn starfsmannanna vita.

Wiktoria Joanna Ginter

kvæmdastjóra stöðvarinnar hvort framtíð stöðvarinnar væri örugg og hann sagði að við værum örugg fram að árslokum. Ég spurði hann þá hvort það væri ekki tímabært að ég fengi fastan samning við stöðina, en þá hafði Wiktoria unnið nær launalaust í fjóra mánuði.

„En þegar plötusnúðarnir nálgðu-

ust Adolf og spurðu hann hvort stöðin væri örugg fram að áramótum hló hann bara að þeim.“ Hann mun hafa sagt þeim að hann ætlaði sér að selja stöðina á næstunni.

Hún segir að þá hafi mælirinn orðið fullur en hún er hætt að vinna fyrir stöðina og hefur sent Adolf Inga reikning fyrir þeirri vinnu sem hún lagði fram en hún telur að óvissan um áframhaldandi rekstur og sölu á stöðinni hafi verið forsendubrestur á samkomulagi þeirra. Í svari við tölvupósti sem hún sendi Adolf Inga vegna kröfunnar, sem var upp á tvær milljónir, spyr hann hvað hún hafi einlega verið að reykja [e. What have you been smoking?] og að ekkert samkomulag hafi verið þeirra á milli. Í niðurlagi póstsins segir hann að hún megi „troða“ reikningnum [e. Take the invoices and shove them.]. Adolf Ingi Erlingsson vildi ekki tjá sig um málið. stefanraf@frettabladid.is

**ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS**

Fjórar sýningar að eigin vali á besta verðinu.

**VERTU MEÐ Í VETUR!**

Miðasala  
568 8000 | borgarleikhus.is

# WA!

„BEST BUY CAR 2015“



1975 | Bílabúð Benna | 2015

## Opel Corsa 5 dyra

Verð frá: **2.390.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **239.000 kr.**

Opel Corsa 5 dyra, sjálfskiptur – 2.690.000 kr.



## Ný Corsa

### Sigurvegariinn fæst líka sjálfskiptur



Nýr Opel Corsa er stöðugt í sviðsljósinu. Við afhendingu á „AUTOBEST 2015“ verðlaununum sæmði dómnafnd, skipuð bílasérfræðingum frá 15 Evrópuríkjum, Opel Corsa titlinum „Best Buy Car of Europe 2015“. Samkeppnin var hörð en hann stóð uppi sem sigurvegari. Nú fæst þessi frábæri bíll líka sjálfskiptur.

**Bílabúð Benna**

Sérfræðingar í bílum

Kynntu þér Opel Corsa á [opel.is](http://opel.is) eða á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyllt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



Græningjar telja að koma flóttafólks verði samfélaginu til bóta. NordicPhotos/AFP

## Vilja senda flóttamenn til Svalbarða

**NOREGUR** Stjórnmalámenntur úr norska Græningjaflokknum hafa óskað eftir því við landstjóra Svalbarða að kannað verði hvort eyjan í norðri geti tekið við flóttafólki. Frá þessu er greint í Aftenposten.

Svalbarði er ekki hluti af Schengensvæðinu og því þarf að kanna hvort aðgerð af þessum toga væri lögleg.

Fulltrúar Græningjaflokksins telja að vera flóttamanna á Svalbarða geti gætt þetta 2.600 manna samfélag lífi og aukið atvinnutækifæri. Á Svalbarða eru þó fleiri ísbirnir en þeir eru um 3.000 talsins. – **sr**



Urríðafoss í Flóahreppi er einn þeirra fossa í Þjórsá sem uppi hafa verið ráðagerðir um að virkja. Fréttablaðið/Vilhelm

## Nýr vefur um virkjanir í Þjórsá

**UMHVERFISMÁL** Opnaður hefur verið vefurinn Verndum Þjórsá (www.verndumthjorsa.is). Á vefnum er fjallað um áform Landsvirkjunar um að reisa enn fleiri virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

„Við teljum að það muni valda óbætalegum skaða á lífríki árinna, sem og allri hinn stórbrotnu umgjörð hennar,“ segir á vefnum. „Enn fremur munu framkvæmdirnar skerða lífsgæði íbúa og sumarhúsa-eigenda varanlega, bæði í sveitunum við Þjórsá, á Hellu og víðar á Suðurlandi.“

Að baki síðunni standa samtök og einstaklingar sem vilja vernda umhverfi og lífríki Þjórsár. Þar á meðal Sól á Suðurlandi og vefritið grugg.is. Kallað er eftir frekari rannsóknnum á áhrifum virkjana þar, svo sem á fiskistofnum, ferðamennsku, leirfoki, loftgæðum og fleiri hlutum. – **óká**

# Þenslumerki gera vart við sig

Hratt dregur úr atvinnuleysi og erlent vinnuafli hefur margfaldast frá hrúni. Brottlutningur menntaðs íslensks vinnuafils eykst einnig. Búið er við að atvinnuleysi minnki áfram næstu ár. Hagfræðingar benda á þenslueinkenni í hagkerfinu.

**VINNUMARKAÐUR** Vinnuálastofnun spáir enn frekari samdrætti í atvinnuleysi á næsta ári og að á ársgrundvelli verði atvinnuleysi um 2,7 prósentustig. Einnig spáir stofnunin áframhaldandi vexti í innflutningi vinnuafils til landsins sem og auknum brottflutningi Íslendinga.

Hagvöxtur síðustu sex mánaða mældist 5,2 prósent. Atvinnuleysi minnkar hratt, verðbólga eykst og innflutningur erlendis vinnuafils eykst einnig. Seðlabankinn hefur í tvígang á árinu hækkað stýrivexti og ríkisstjórnin áformar að lækka skatta og afnema tolla á sérvöru. Ýmsir fræðingar hafa bent á að þenslumerki í hagkerfinu ættu að vera öllum sýnileg.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra telur ríkissjóð ekki standa í þensluhvetjandi aðgerðum og bendir á að höfrungahlaupið á vinnumarkaði sé ekki til bóta. „Launþegahreyfingin er týndi hlekkurinn á vinnumarkaði. Ríkissjóður er ekki að vinna að mannaflsfrækum framkvæmdum í dag,“ segir Bjarni.

Í nýjum gögnum Vinnuálastofnunar kemur fram að vænta megi meira framboðs starfa fyrir ófaglærða og iðnaðarmenn en sem nemur fjölda þeirra á vinnumarkaði næstu ár. Það muni skila sér í auknum innflutningi erlendis vinnuafils til landsins. Að sama skapi segir í gögnum Vinnuálastofnunar að vænta megi minna framboðs starfa fyrir háskólamenntaða næstu árin en nemur fjölda þeirra á vinnumarkaði nú þegar. Menntunarstig Íslendinga sem komi út á vinnumarkaðinn hafi stóraukist síðustu áratugi. Því sé líklegt að fleiri háskólamenntaðir verði atvinnulausir á næstu árum, brottflutningur þeirra af landi brott verði tíðari og að í ríkara mæli muni háskólamenntaðir sinna vinnu sem ekki hæfir menntun þeirra.


Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir stöðuna á vinnumarkaði varhugaverða og telur menn þurfa að skipta um kúrs í þeim efnunum. „Hér blasir við sú hætta að á Íslandi flytjist inn vinnuafli í láglaukastörf í vaxtargreinum eins og ferðaþjónustu á meðan frá landinu flytjist menntaðir Íslendingar sem gætu búið til mikil verðmæti í þekkingargreinum,“ segir hann.

Þó dregið hafi gríðarlega úr atvinnuleysi í öllum hópum frá hrúni virðist atvinnuleysi háskólamenntaðra minnka hægar en annarra. Því hefur hlutfall háskólamenntaðra meðal atvinnulausra aukist jafnt og þétt síðustu árin. **sveinn@frettabladid.is**



Á næstu árum mun erlent innflutt vinnuafli aukast hér á landi á meðan hópur Íslendinga erlendis stækkar verulega. Fréttablaðið/Vilhelm

### Menntun atvinnulausra




Hér blasir við sú hætta að á Íslandi flytjist inn vinnuafli í láglaukastörf í vaxtargreinum eins og ferðaþjónustu á meðan frá landinu flytjist menntaðir Íslendingar sem gætu búið til mikil verðmæti í þekkingargreinum.



Árni Páll Arnason formaður Samfylkingarinnar

### Flutningar erlendra ríkisborgara til og frá Íslandi



Launþegahreyfingin er týndi hlekkurinn á vinnumarkaði. Ríkissjóður er ekki að vinna að mannaflsfrækum framkvæmdum í dag.



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

# BRIDS SKÓLINN

**BYRJENDUR** (stig 1) **21. september:** 8 mánudagar frá 20-23

**KERFIÐ** (stig 2) **23. september:** 8 miðvikudagar frá 20-23

**STIG 1** Hvað þarf að kunna fyrirfram? Ekki neitt, en það spillir ekki að þekkja ás frá kóng. Ekkert mál að mæta ein/einn.

**STIG 2** Hvað meinar makker? Sigild spurning, sem erfitt er að svara nema kunna kerfið. Farið er vel yfir framhald sagna í Standard og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Námskeiðið hentar breiðum hópi spilara, bæði þeim sem kunna töluvert fyrir sér og eins hinum sem eru rétt að slíta fyrsta stokknum. Mikið spilað og hægt að koma stakur.

Upplýsingar og innritun í síma **898-5427** og á netinu **bridge.is**

## Tugir drukknudu á flóttu sínum í gær

**GRIKKLAND** Yfir þrjátíu manns fórust, þar á meðal að minnsta kosti eitt barn, þegar trébatí með um 130 flóttamenn hvolfði við gríska eyjaklasann Farmakonisi í gærmorgun. Daily Mail hafði um kvöldmatarleytið í gær eftir grísku strandgæslunni að 34 lík hefðu fundist.

Gríska strandgæslan fékk tilkynningu um að þó nokkur fjöldi væri í hættu á svæðinu og var í kjölfarið send björgunarþyrila á svæðið. Tuttugu og níu eru sagðir hafa náð að synda í land á Farmakonisi, en 68 var bjargað úr sjónum.

Þá streymdi fólk á bátum frá Tyrklandi til grísku eyjarinnar Lesbos. Þar segir fréttastofa AP að ljósmyndari frá Reuters hafi talið 10 báta á 90 mínútna tímabili í gærmorgun.

Tugir voru hætt komnir þegar stór gúmbátur með um 70 flóttamenn innanbörðs gaf sig um hundrad metra frá strönd Lesbos. Þar eru eyjaskeggjar sagðir hafa brugðist skarpt við og hjálpað fólki í land, en í hópnum var fjöldi barna.



Baðstrandargestir á grísku eyjunni Lesbos fylgjast hér með komu sýrlensks flóttafólks á bátskrifli yfir hafði frá Tyrklandi. Fréttablaðið/EPA

Meirihluti flóttafólks sem kemur til Grikklands heldur för sinni áfram til annarra landa, flestir til Þýskalands. Evrópulönd hafa enn ekki náð saman um tillögur Jean-Claude

Junker, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um að löndin taki saman á flóttamannavandanum og deili álaginu af móttöku flóttafólksins. – **gj, óká**



Innovation  
that excites

# NISSAN NOTE RÚMGÓÐUR OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM  
NÝJUM NISSAN NOTE Í  
TAKMARKAÐAN TÍMA



**NISSAN NOTE**  
ACENTA 1.2 BENSÍN / SJÁLFSKIPTUR  
**3.050.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN NOTE ASENTA ER MEÐAL ANNARS:**

Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, stýri með aðgerðahnöppum, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölvla, 15" álfelgur, hæðarstilling á ökumannssæti, hiti í framsætum, stöðugleikastýring, loftkæling, rafknúð léttstýri og USB og AUX tengi fyrir tónlistarafspilun úr snjallsíma.

## REKSTRARLEIGA Á SÉRKJÖRUM

Bjóðum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum.  
Innifalin í leigu eru tryggingar, dekk  
og reglubundið þjónustuefirlit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# Fjarheimildir skornar niður um 32 milljónir

Ríkissaksóknari fær 32 milljónum minna á fjárlögum næsta árs en í fyrra. Ástæðan er flutningur verkefna frá saksóknara til héraðssaksóknara. Embættið fær þó mörg ný verkefni við breytingarnar.

**STJÓRNSÝSLA** Gert er ráð fyrir að fjarheimildir til ríkissaksóknara lækki um 31,8 milljónir króna að raungildi í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

Lögd er til 50 milljóna króna lækking vegna verkefna sem færast frá ríkissaksóknara til nýs embættis héraðssaksóknara með breyttri skipan ákærvalds.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 20 milljóna króna framlagi sem lýtur að eflingu embættisins með tveimur nýjum stöðugildum, meðal annars vegna eftirlits með rannsóknnum og meðferð ákærvalds, eftirlits með hlustunum og sérstökum rannsóknaraðferðum, vinnslu tölfraeðiupplýsinga ákærvaldsins, menntunar og þjálfunar ákærvalds og alþjóðlegra samskipta.

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari segir að önnur af tveimur meginforsendum með stofnun embættis héraðssaksóknara hafi verið að efla embætti ríkissaksóknara.

„Ríkisendurskoðun var búin að skoða málin hjá okkur og komst að þeirri niðurstöðu í skýrslunni að það væri varhugað að skera niður,“ segir Sigríður.

Í umræddri skýrslu gagnrýnir Ríkisendurskoðun að á árunum 2009 til 2015 hafi sérstakur saksóknari fengið fimmfalt hærri upphæð af fjárlögum en ríkissaksóknari, eða 5,5 milljarða á móti 1,1 milljarði. Nánast öll sakamál í landinu séu á könnu ríkissaksóknara, auk þess sem embættið gegni umfangsmiklu eftirlits- og samræmingarhlutverki.

Sigríður Friðjónsdóttir segir að



Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari segir að ráðning tveggja nýrra saksóknara myndi kosta 26 milljónir.

Fréttablaðið/Pjetur

með tilkomu héraðssaksóknara-embættisins muni stór hluti af verkefnum frá ríkissaksóknara fara til nýja embættisins. Á móti komi að mörg ný verkefni bætist við. Til dæmis í formi kærumála sem verða mörg hundruð. Hún býst til dæmis við því að stór hluti þeirra kynferðisbrotamála sem héraðssaksóknari kemur til með að fella niður verði kærður til ríkissaksóknara. „Það er mjög mikil vinna í þeim málum.“

Þá bendir Sigríður á að gert sé ráð fyrir því í fjárlögum að 20 milljóna framlag verði nýtt til þess að ráða í tvö ný stöðugildi. „En málið er það að tveir starfsmenn kosta 26 milljónir,“ segir hún og vonast til að þarna hafi bara orðið reiknivilla sem verði leiðrétt á meðan fjárlagafrumvarpið er í meðförum þingsins. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Hreinsa til eftir átök gærdagsins



Palestinufólk hreinsar upp brak í Al-Aqsa-moskunnunni í gamla bæjarhlutanum í Jerúsalem í gær eftir átök sem þar brutust út milli hópa Palestínumanna og ísraelskrar öryggislögreglu. Kveikjan var mótmæli vegna ákvörðunar Moshe Yaalon, varnarmálaráðherra Ísraels, í síðustu viku um að neita ákveðnum hópum um aðgang að moskusvæðinu. NordicPhotos/AFP

## Geta ekki tryggt ásættanlegt öryggisstig

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla á landsbyggðinni telur sig ekki færa um að halda uppi ásættanlegu öryggisstigi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu greiningsardeildar ríkislögreglustjóra um skipulagða glæpastarfsemi.

Þá segir einnig í skýrslunni að lögreglu hafi verið sniðinn þröngur stakkur undanfarin ár. „Verði svo áfram er sú áhætta fyrir hendi að umfang skipulagðar brotastarfsemi

aukist án viðspyrnu samfélagsins.“

Almennt telur lögregla sig ekki færa um að halda uppi ásættanlegri frumkvæðislöggæslu. Sú aðstaða heftir möguleika lögreglu á upplýsingaöflun um starfsemi skipulagðra brotahópa.

Lögregla telur að á höfuðborgarsvæðinu starfi á bilinu fimm til tíu skipulagðir glæpahópar, en telur sig ekki geta dregið úr umfangi þeirra á meðan staðan helst eins.

Þá kemur einnig fram í skýrslunni að viðbendingar séu um að mánal sé stundað á kampavinskluþætti í Reykjavík. Í skýrslunni segir að of litlar upplýsingar séu um hvort elttar stúlkur sem þar starfa séu fluttar til lands nauðugar eða ekki. „Þær eru jafnan ófúsar til samstarfs við lögreglu sem torveldar rannsóknir,“ segir í skýrslunni.

– þea

### Möguleg reiknivilla:

Í fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir 20 milljóna króna framlagi til að ráða í tvö ný stöðugildi hjá ríkissáttasemjara. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari bendir hins vegar á að ráðning tveggja nýrra saksóknara myndi kosta 26 milljónir króna.

**Ríkisendurskoðun var búin að skoða málin hjá okkur og komst að þeirri niðurstöðu í skýrslunni að það væri varhugað að skera niður.**

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari

### Lyfjaauglýsing



Nicotinel

## NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?  
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!

Nicotinel, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhræfningu og það auðveldar þar með reykjaraflóki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykjum. Hætta skal alfríð reykjum meðan á meðferð með Nicotinel stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu hábur nikótín einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal lúga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sóðavatni, getur minnkað frásög nikótíns í munn. Fordast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmis. Tyggja skal eitt stykki Nicotinel lyfjatyggigúmmí við reykjaraflóki. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmí og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmis sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgjöfina hámarkskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíð skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinel lyfjatyggigúmmis lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykjum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ónæmi fyrir einhverju innihaldsefnum eiga ekki að nota Nicotinel. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjatyggigúmmí ef þú ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, óvirkkan skjaldkirtli/nyrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/öðla lífrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinel nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypst getur valdið versnum einkenna hjá sjúklingum sem eru með blógu í völdum, munní eða kóki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í líðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgenet fruktósaðhol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmí. Athuga þer að lyfjatyggigúmmí og munnsogstöfurnar innihalda natríum og bítýlhýdroxytóluen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumnar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltítól (E965) eða aspartám (E 951) sem ekki allir mega taka. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi. Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabæ

# SÍÐASTI SÉNS!



**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

DAGANA 10.-14. SEPTEMBER  
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

# Ráðlagt að segja ekki frá myglusvepp

Leigusala kom á óvart hve litla þekkingu hagsmunaaðilar fasteignaeygenda hafa á myglusvepp og var henni ráðlagt að leigja út íbúð án þess að segja frá myglusveppum. Um hundrað leigjendur hafa kvartað til Leigjendasamtakanna vegna raka á þessu ári. Framkvæmdastjóri Húseigendafélagsins segir málið vera storm í vatnsglasi.

**HÚSNÆÐISMÁL** Gerði Harðardóttur var eindregið ráðlagt að leigja út íbúð sína eða selja hana, jafnvel án þess að taka fram að í henni hefði verið heilsuspillandi myglusveppur. Hún segir að reynsla hennar sýni vel að myglusveppur og veikindi vegna hans séu ekki tekin nógu alvarlega og óskar eftir yfirvegaðri og málefnalegri umræðu.

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um leigutaka sem lenda í vandræðum vegna myglusvepps og leigusala sem segja ekki frá sveppnum við útleigu. Atvikin eru fjölmörg og segir Hólmsteinn Brekkan, framkvæmdastjóri Leigjendasamtakanna, um það bil eitt samtál koma á dag vegna svepps, raka og heilsufarsvandamála vegna bágs ástands á leiguhúsnæði. „Varlega áætlað hafa um hundrað mál komið upp frá áramótum og um einn af hverjum tíu bregst við og stendur á rétti sínum,“ segir Hólmsteinn.

Reynsla Gerðar sýnir málin frá hlið leigusalans en hún þurfti að flytja út úr íbúð sinni vegna alvarlegra veikinda af völdum myglusvepps.

Í kjölfar þess kom það Gerði á óvart hve litil þekking er á þessum málum, en henni var ítrekað ráðlagt að leigja íbúðina út, þótt ekki væri búð að fastákveða framkvæmdir við sameignina, hvað þá ljúka þeim, en hún segir algjört grunnatriði að koma í veg fyrir upptöku raka og myglu ef ekki eigi illa að fara.

„Jafnvel þótt það sé ekki sjálfgefið

að maður veikist í húsnæði með myglusvepp þá gat ég ekki hugsað mér að setja heilsu og innbú fólks í hættu,“ segir Gerður en íbúðin fór ekki í leigu fyrr en búð var að brjóta úr veggjum, hreinsa og framkvæmdir komnar langt á veg og hún var fullvissuð um það af fagaðilum að það væri óhætt.

Gerður segir mörgum hafa fundist sjálfsgat að hún seldi eða leigði íbúðina út, án þess að láta væntanlega íbúa vita um að þar hefðu komið upp vandamál tengd raka og myglu.

„Það kom bara aldrei nokkurn tímann til greina af minni hálfu að vera ekki hreinskilin varðandi þetta við mína leigjendur, ef eitthvað var þótti ég ofursamviskusöm varðandi þetta atriði. Ég lét setja sérstakt ákvæði í leigusamninginn en þar segir: Ef leigjendur finna fyrir heilsutengdum óþægindum í íbúðinni verður aðeins um mánaðar uppsagnarfrest að ræða.“

Mér er sagt að þetta sé nær algjört einsdæmi meðal leigusala en ég vil benda á þennan möguleika. Ég held að það hljóti að vera farsælast fyrir alla að lokum. Maður vill að fasteignin sín sé í lagi, þetta er aleiga manns,“ segir Gerður og bendir líka á að leigusala beri að halda húsnæðinu í íbúðarhæfu ástandi samkvæmt lögum. Ef leigusalar bregðast þeirri skyldu geta þeir fengið á sig málsókn og verið bótaskyldir.

erlabjorg@frettabladid.is

●● Það kom bara aldrei nokkurn tímann til greina af minni hálfu að vera ekki hreinskilin varðandi þetta við mína leigjendur, ef eitthvað var þótti ég ofursamviskusöm varðandi þetta atriði.



Gerður Harðardóttir leigusali

●● Varlega áætlað hafa um hundrað mál komið upp frá áramótum og um einn af hverjum tíu bregst við og stendur á rétti sínum.



Hólmsteinn Brekkan framkvæmdastjóri Leigjendasamtakanna



Að meðaltali hringir einn leigjandi á dag í Leigjendasamtökin vegna vandamála með svepp og raka. Fréttablaðið/Andri Marínó

## Ekki alltaf sveppir þegar til kastanna kemur

„Ég hef verið í bransanum í fjörutíu ár og þekki engin dæmi um þetta skelfingarástand sem lýst hefur verið í blöðunum,“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, framkvæmdastjóri Húseigendafélagsins. „Þetta kemur upp í einu og einu húsi.“ Sigurður segir leiguvíðskipti vera viðkvæm viðskipti og að umfjöllun um þau einkennist af upphrópunum. Hann gerir þó ekki lítið úr ábyrgð leigusalans ef sannanlega er myglusveppur í húsnæði.

„Leigjandi á rétt á íbúðarhæfu húsnæði og ef það er heilsuspillandi á umsvifalaust að banna búsetu. En það hafa komið mörg sveppamál á okkar borð og svo þegar við rannsökum það eru engir sveppir. Í mörgum tilfellum tel ég þetta vera ótta í huga fólks sem magnast upp þar.“



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# GRÍPUR MEIRA EN ATHYGLINA



## Fabia - nýi verðlaunagripurinn frá ŠKODA

Þér á eftir að líka vel við ŠKODA Fabia. Glæsileg hönnunin nær niður í minnstu smáatriði og gerir aksturinn skemmtilegri hvert sem þú ferð. Það er engin tilviljun að ŠKODA Fabia skyldi vera valinn bill ársins af WhatCar? og hljóta Red Dot hönnunarverðlaunin 2015. Komdu og prófaðu nýjan ŠKODA Fabia. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins  
**2.290.000** kr.



reddot award 2015  
best of the best car design

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is



# TIL HAMINGJU BLIKASTELPUR

Vörður óskar Breiðabliki, nýkrýndum Íslandsmeisturum kvenna í fótbolta árið 2015, til hamingju með stórkostlegt leiktímabil. Þær töpuðu ekki einum einasta leik og verðskulda því fyllilega að lyfta sextánda Íslandsmeistaratitli félagsins í deildinni.

Við fögnum innilega og hlökkum til að fá að standa áfram vörð um sigursælasta félagið í úrvalsdeild íslenskrar kvinnaknattspyrnu.

Áfram Breiðablik!



VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

 vörður

## Hefndarklám notað til að kúga



Björt Ólafsdóttir  
þingmaður  
Bjartrar framtíðar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglu hafa borist tvær tilkynningar á síðustu tveimur árum um tilvik þar sem hefndarklám er notað til kúgunar, hvort sem það er til að fá viðkomandi til að samþykkja kynferðislegt samneyti eða láta af hendi fjármuni. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra um mat á skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi.

„Þetta gefur bersýnilega í ljós og sýnir mikilvægi þess að koma böndum á þessa glæpi og það að lögin í dag nái ekki utan um þetta,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar. Björt er fyrsti flutningsmaður frumvarps um breytingar á almennum hegningarlögum sem miða að því að gera birtingu, vörslu og sköpun hefndarkláms refsiverða.

„Þessi nýi veruleiki sem samfélagsmiðlar eiga stóran þátt í kennir okkur og er að sýna okkur að lögin eins og þau eru núna eru ekki fullnægjandi,“ segir Björt.

„Við erum alltaf að sjá það meir og meir að lögin eru ekki í takt við það sem við sjáum í því samfélagi sem við lifum í og það þarf að uppfæra þau,“ bætir Björt við. – þea

## Ferðamaður fannst látinn

**SLYS** Svissneskur ferðamaður, sem ekkert hafði spurst til frá því á þriðjudag og leitað var að á laugar- dag, fannst látinn á Seyðisfirði þá um kvöldið.

Bill mannsins hafði staðið við Fjarðarselsvirkjun undanfarna daga en lík hans fannst um sexleytið í gærkvöldi í fjalllendi þar skammt frá, við Ytri-Hádegisá. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Egilsstöðum er talið að maðurinn hafi hrapað við klifur.

Umfangsmikil leit var hafin að manninum seinni part laugardags, en lík hans fannst fjórum tímum síðar. – gj

# Lögreglan lítur eitursölu án leyfis alvarlegum augum

Yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra er hugsi yfir því að tugir manna hafi keypt mikið magn eiturfna án þess að framvísa tilskildu leyfi. Slík efni gætu valdið miklum skaða í höndum einstaklings sem hefði illt í huga. Tölur Umhverfisstofnunar sýna að leyfislausir hafa keypt 249 kíló af útrýmingarefnum.

**ÖRYGGISMÁL** „Þetta vekur mann til umhugsunar um hvort ástæða sé til að skoða þetta frekar, þó líklegast sé að þessi viðskipti hafi verið fullkomlega eðlileg,“ segir Ásgeir Karlsson, yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra, um stórfelld kaup einstaklinga á ýmsum tegundum eiturs án tilskilinnna leyfa árið 2014.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag sýndi könnun Umhverfisstofnunar að rúmlega helmingur þeirra 202 einstaklinga, sem keyptu ýmsar tegundir af eitri árið 2014 í tengslum við atvinnurekstur sinn til að uppræta óæskilegan gróður, skordýr eða meindýr, hafði ekki til þess tilskilin leyfi. Alls voru seld rúmlega tíu tonn af slíkum efnum til þessa hóps.

Eftir að niðurstöður lágu fyrir taldi Umhverfisstofnun málið ekki þess eðlis að ástæða væri til að gera lögreglu viðvart – þrátt fyrir að 118 af 202 einstaklingum hefðu keypt eiturfna án tilskilinnna leyfa sem þeim ber að hafa undir höndum og eru útgefin af stofnuninni. Þó verða engin sérstök eftirmál fyrir



Svokölluð útrýmingarefni eru ætluð til að drepa rottur, en 249 kíló af slíkum efnum voru seld til einstaklinga sem voru með útrunnin leyfi eða höfðu aldrei haft leyfi til að kaupa slík efni. Fréttablaðið/GVA

**Upp í hugann koma efni sem hægt er að nota til sprengjudeiðar; það eru ákveðnar kvaðir á þeim. Af hverju þá ekki eiturfna, alveg eins?**



Ásgeir Karlsson  
yfirmaður greiningardeildar  
ríkislögreglustjóra

þær átta verslanir sem seldu efnið án þess að þess væri gætt að kaupendur efnanna hefðu til þess leyfi, þvert á lög.

Ásgeir segir að ríkislögreglustjóri hafi ekki fjallað um mál sem þessi, en telur mikilvægt að þessar upplýsingar séu komnar fram. Hann tekur undir að þrátt fyrir að viðskiptin séu nær örugglega fullkomlega eðlileg, og tengd atvinnurekstri

viðkomandi, þá sanni dæmin það að ekki þurfi nema einn einstakling sem hefur annað og verra í huga til að skaðinn verði mikill.

„Slíkt gæti valdið skelfilegum skaða, þannig að mér finnst ástæða til að þetta sé skoðað. Upp í hugann koma efni sem hægt er að nota til sprengjudeiðar; það eru ákveðnar kvaðir á þeim. Af hverju þá ekki eiturfna, alveg eins?“ segir Ásgeir

og bætir við að það eigi ekki síst við í ljósi þess að um mikið magn er að ræða.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun þá voru 249 kíló af svokölluðum útrýmingarefnum seld til leyfislausra einstaklinga, en tæp tvö tonn af plöntueitri, eða plöntuverndarvörum eins og þau eru einnig kölluð.

svavar@frettabladid.is

## Tækifæri í september



### SIEMENS - Uppvottavélar

SN 45M209SK (hvít)  
SN 45M509SK (stál)

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Zeolith®-þurrkun: Skilar sérlega þurru og glitrandi leirtaui. Byggist á að láta hið náttúrulega steinefni seólít soga í sig raka og gefa frá sér hita. Barnalæsing. „aquaStop“ flæðivörn.

### Tækifærisverð:

**139.900 kr.**

(Fullt verð: 169.900 kr.)

SIEMENS



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is



Gestir bera nashyrning að nafni Begi augum í dýragarðinum í Tíblisi þegar hann var opnaður í gær. NordicPhotos/AFP

## Dýragarðurinn opnaður á ný

**GEORGÍA** Dýragarðurinn í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, var opnaður í gær eftir að hafa verið lokaður frá því í júní. Mikil flód stórskemmdu dýragarðinn fyrir þremur mánuðum og dýr bæði sluppu og drápust. Þá fórust einnig níttján Georgíumenn í flóðunum.

„Eftir þriggja mánaða uppbyggingu getum við loks opnað á ný þrátt fyrir að hafa misst 277 dýr,“ segir Zurab Guerelidze, forstöðumaður dýragarðsins. Til að aðstoða Georgíumenn við að ná sér á strík aftur gáfu aðrir evrópskir dýragarðar þeim um 150 dýr.

Einhver dýranna drápust í flóðunum en stærstum hluta var smalað inn í skýli fyrir flækingshunda og slátrað.

277

dýr dýragarðsins í Tíblisi drápust í flóðum fyrir þremur mánuðum.

Georgíska ríkisstjórnin hefur sætt mikilli gagnrýni í kjölfar flóðanna. Enn er margra saknað og tugir eru heimilislausir. Þá eru vegir enn stórskemmdir í borginni. Auk þess vakti sú ákvörðun að slátra dýrum garðsins ekki hrfningu margra Georgíumanna. – þea

# Stöðugildum sálfræðinga hjá heilsugæslunni fjölgað um átta

**ALÞINGI** Stefnt er að því að fjölga stöðugildum sálfræðinga í íslenski heilsugæslu um átta á næsta ári. Stöðugildi sálfræðinga á öllu landinu eru nú fimmtán en þessi fjölgun er sögð liður í því að efla þjónustu heilsugæslu á landinu og bæta aðgengi að henni.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs er samtals gert ráð fyrir að verja tæpum 69 milljónum króna til þess að ráða sálfræðinga til starfa. Fjárframlög til heilbrigðisstofnana Vesturlands, Norðurlands, Austurlands og Suðurlands verða samtals aukin um 34,4 milljónir vegna þessa og aðrar 34,4

milljónir fara til heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Einn sálfræðingur ætti því að vera ráðinn á hverja af stofnununum fjórum á landsbyggðinni og fjórir á höfuðborgarsvæðinu. Að því er segir í frétt á vef velferðarráðuneytisins er áætlað að eitt stöðugildi sálfræðings þurfi á hverja níu þúsund íbúa, miðað við breska átakið „Improving Access to Psychological Therapies“. Það þýðir að þörf sé á samtals 36,6 stöðugildum hér á landi en eftir þessa breytingu verða stöðugildin samt sem áður aðeins 23 á landsvísi.

Það hefur lengi verið vitað að umtalsverður hluti fólks sem leitar til heilsugæslunnar glímur við vandamál þar sem menntun og þekking sálfræðinga gæti komið að góðum notum.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra



Haft er eftir Kristjáni Þór Júlíussoni heilbrigðisráðherra að hann vilji áfram fjölga sálfræðingum til samræmis við þessi viðmið og fjölga þannig um fjórtán stöðugildi til viðbótar árin 2017 og 2018.

„Það hefur lengi verið vitað að umtalsverður hluti fólks sem leitar til heilsugæslunnar glímur við vandamál þar sem menntun og þekking sálfræðinga gæti komið að góðum notum, eins og kvíða, þunglyndi, svefnvandamál og fleira mætti telja,“ er haft eftir Kristjáni. „Með þessu móti eflum við heilsugæsluna og sniðum þjónustu hennar betur að þörfum notenda.“ – bá



Til heilsugæslustöðva landsins sækir fólk með margvísleg vandamál. Fréttablaðið/GVA



Gróðurhúsum í Hveragerði fækkar. Fréttablaðið/Pjetur

## Vilja vernda gróðurhúsin sem einkenni Hveragerðis

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tillaga fulltrúa S-lista í bæjarstjórn Hveragerðis um að láta meta varðveislugildi gróðurhúsa í bænum var felld af meirihlutunum.

Samkvæmt tillögunni átti matið að verða grundvöllur verndunar einstakra gróðurhúsa í Hveragerði.

Segir að þegar mest var hafi verið um 50 þúsund fermetrar af gróðurhúsum í bænum en í lok árs 2010 hafi þau verið 24 þúsund fermetrar og þeim hafi fækkað meira síðan.

„Gróðurhúsin hafa verið hluti af Hveragerði frá upphafi byggðar árið 1929 og eru þar af leiðandi órjúfalegur hluti af ímynd bæjarins og eitt meginsérkenni hans ásamt hverasvæðinu í miðju bæjarins,“ sagði í tillögunni.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks sagði að endurskoðun aðalskipulags bæjarins væri hafin og að rétt væri að varðveislugildi gróðurhúsa, eins og annarra mannvirkja í bæjarfélaginu, yrði skoðað. – gar



Aðstoða þurfti ferðafólk á Norður- og Austurlandi um helgina. Mynd/Stöð 2

## Einn var fótbrottinn og annar örmagna

**SLYS** Björgunarsveitir voru kallaðar út í tvisgang á laugardagskvöld.

Í fyrra útkallinu sóttu björgunarsveitir frá Blönduósi og Skagaströnd mann sem hafði fótbrotnað við neðri brúna yfir Laxá í Refasveit.

Bera þurfti manninn dágóðan spól þangað sem sjúkrabill beið þess að flytja hann undir læknishendur. Verkið gekk vel, að því er fram kemur í tilkynningu Landsbjargar, og var manninum komið fljótt og örugglega í sjúkrabil rétt fyrir klukkan tíu um kvöldið.

Síðar sama kvöld aðstoðuðu sveitir á Austurlandi göngumann sem hafði hringt í Neyðarlínuna rétt eftir miðnætti og óskað eftir aðstoð þar sem hann væri örmagna.

Maðurinn, sem var staddur í grennd við Hjaltastadakirkju á Héraði, var sóttur á fjórhjóli sem flutti hann að bíl björgunarsveitarinnar sem beið í Dölum. Þaðan var farið með hann að Hjaltastad þar sem sjúkrabill beið hans. – gj

## Hagkvæm bílafjármögnun fyrir viðskiptavini

Með reiknivélinni á arionbanki.is getur þú skoðað greiðslubyrði og hvaða fjármögnunarkostir henta þér.

**Arion banki**



## SKOÐUN

## Smá hnökrar



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hitti líkast til naglann á höfuðið í vikunni þegar hann sagði Pirata vera jaðarflokk. Flokkur sem nýtur fylgist vegna þess að almenningur hefur misst alla trú á hefðbundnum stjórnmálum. Efalítið er mikið til í þessu. En hins vegar verður að setja stórt spurningamerki við það að setja Pirata þar með undir hatt óskyldra framboða víða um Evrópu og forsetaframboð Donalds Trump í Bandaríkjunum. Það gæti Pirótum hafa sárnað en þeir svara þá fyrir það ef þeir mega vera að.

En við hin getum horft út í jaðarinn og reynt að átta okkur á því hvað það er sem laðar fylgi almennings þangað um þessar mundir og hvers vegna gengur upp á skilgreina Pirata sem jaðarflokk. Það sem felst í því að tilheyra jaðrinum er nefnilega fyrst og fremst valdleysi. Bæði einstaklingar sem og samfélagshópar geta tilheyrt jaðrinum. Þekktir jaðarhópar í samtímanum eru til að mynda öryrkjar, útígangsfólk, aldraðir, atvinnulausir, innflytjendur og svo mætti áfram telja upp ýmsa valdalaus eða að minnsta kosti valdalitla minnihlutahópa. Konur hafa líka búið við það að tilheyra jaðrinum sem valdalaus hópar með öllu og upp úr slíku valdleysi, slíkri jaðarsetningu, spratt einmitt Kvænnaframboðið á sínum tíma. Það breytti miklu og vann stóra sigra þó enn séu mörg óunnin verkin í þeim efnun.

Þar sem fólk hefur misst alla trú á hefðbundnum stjórnmálum, eins og Sigmundur Davíð bendir á, þá leitar það annað. Það leitar einmitt til valdalaus hóps sem tilheyrir jaðrinum og er því engum háður. Piratar hafa nefnilega, ólíkt fjórflokknum, engin sjáanleg tengsl við hagsmunaaðila og engra hagsmuna að gæta nema þá heildarhagsmuna þjóðarinnar. Fyrir hinn almenna og langþreytta kjósenda í íslenskum stjórnmálum hljómar það eins og draumur í dós.

Piratar hafa aldrei verið við völd og hafa því aldrei skellt í virkjun, verksmíðju eða göng þegar korter er í kosningar og það finnst kjósendum líkast til nokkuð aðlaðandi. Málið er að Piratar eru, eins og svo stór hluti fólksins í landinu, nánast með öllu valdalausir nema á fjögurra ára fresti og það er óviðunandi ástand. Því í lýðræðisríki vill lýðurinn ráða. Það ætti að segja sig sjálft en gerir það þó greinilega ekki því það eru nefnilega, eins og Sigmundur Davíð bendir á, hnökrar á lýðræðinu sem við búum við á Íslandi.


Sigmundur Davíð virðist meta það sem svo að hnökranir felast í vantrú almennings á hefðbundnum stjórnmálum. Úr þessu þurfi að bæta og það standi upp á stjórnmálaflokkana að gera það. Stjórnmálaflokkur forsætisráðherra hefur samanlagt verið við völd á Íslandi áratugum saman en hnökranir felast í vantrú almennings. Nei, það einfaldlega gengur ekki upp.

Hnökranir felast í stjórnarháttum þeirra sem hunds vilja almennings nema á fjögurra ára fresti. Hnökranir felast í þeim sem fara frekar að vilja hagsmunaaðila en vilja almennings. Hnökranir liggja í kjarna valdsins en ekki á jaðrinum hjá valdalausum lýðnum. Lýðnum sem vill hafa meira að segja um líf sitt og samborgara sinna en er í boði á fjögurra ára fresti með loforðum um ís fyrir alla og idýfu með. Því er aukíð lýðræði það eina sem getur bjargað stjórnmálunum en ekki flokkarnir sjálfir.



**Hnökrarnir felast í stjórnarháttum þeirra sem hunds vilja almennings nema á fjögurra ára fresti.**

Halldór



## Frá degi til dags

**Corbyn-manían**  
Á laugardag varð ljóst að Jeremy Corbyn hefði sigrað í formannskosningu í Verkamannaflokknum í Bretlandi með tóluverðum mun eða um 59 prósentum atkvæða. Ljóst er að Corbyn laðar að sér fjöldann allan af einstaklingum en hans stjórnmál virðast vekja von í brjosti fólks. Margir telja að róttæk vinstristefna Corbyns muni ekki eiga upp á pallborðið hjá kjósendum en skoðana-könnun Ashcrofts lávarðar frá því um helgina sýnir fram á að um 52 prósent breskra kjósenda telja að róttækur sósíalískur flokkur myndi hafa góð áhrif á samfélagið.

**Fólk þreytt á kerfisföllum**  
Í Bandaríkjunum nýtur Bernie Sanders, frambjóðandi í forvali Demókrata, einnig óvæntra vinsælda. Bæði Sanders og Corbyn lýsa sjálfum sér sem demókrátskum sósíalístum eða jafnaðarmönnum. Margar kannanir í Bandaríkjunum sýna fram á það að stór hluti almennings þar sé í raun sammála sósíalískum stefnumálum Sanders. Hér heima bólar hins vegar lítið á sósíalisku byltingunni líkt og í Bretlandi og Bandaríkjunum. Samfylking og Vg ríða ekki feittum hesti í skoðana-könnunum, kannski af því að þeir séu taldir of miklir kerfisflokkar. Corbyn og Sanders eru almennt taldir and-kerfisframbjóðendur, en hér nýtur and-kerfisflokkur Pirata umtalsverðs fylgis. stefanrafn@frettabladid.is

## Ekki bulla um öryrkja!



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir  
þingkona Samfylkingarinnar og formaður velferðarnefndar

Formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, virðist vera að hita upp fyrir fjárlagagerðina með því að senda öryrkjum tóninn. Að hennar mati eru þeir of margir og hún óttast að þeir svindli óskaplega mikið á kerfinu og því vill hún stórefla eftirlit með greiðslum Tryggingastofnunar. Þessu sama fólk lofaði Framsóknarflokkurinn kjarabótum í kosningabaráttunni sem ekki hefur verið staðið við nema að litlu leyti. Hins vegar þurfa örorkulífeyrisþegar nú að borga meira fyrir mat vegna hækkunar matarskatts og greiða hærri húsaleiguleigu því húsaleigubætur hafa ekki hækkað í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þá sýnir nýleg rannsókn að hlutfall af tekjum fólks til heilbrigðisútgjalda fer vaxandi. Kannski er formaður fjárlaganefndar að reyna að leiða athyglina frá þessum nóturlegu staðreyndum!

**Fjöldi öryrkja**  
Haft er eftir formanni fjárlaganefndar að öryrkjar á Íslandi séu miklu herra hlutfall af vinnuafninu en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta er bara bull eins og bent hefur verið á af Stefáni Ólafssyni prófessor og stjórnanarformanni Tryggingastofnunar á öðrum vettvangi. Í raun eru örorkulífeyrisþegar heldur færri hér í samanburði við flest Norðurlandanna.

**Hvert er vandamálið?**  
Langalgengustu orsakir örorku hér á landi eru vegna geðraskana og stoðkerfissjúkdóma. Ég vil hvetja formann fjárlaganefndar til nýta starfsþrek sitt til að forgangsráða fjármunum í þágu öryrkja, fólks sem býr ekki við fulla starfsorku. Í fyrsta lagi verður að hækka örorkulífeyri því örorkulífeyrisþegar eru í mestri áhættu allra hér á landi að búa við fátækt, í öðru lagi þarf að hækka húsaleigubætur, í þriðja lagi verður að auka fjárveitingar til geðheilbrigðisþjónustu svo hún verði aðgengilegri og kosti minna, í fjórða lagi þarf að minnka kostnað fólks við heilbrigðisþjónustu og sjúkrabjálfun, í fimmta lagi þarf að veita meira fé til vinnuverndar og í sjötta lagi þarf að opna aftur framhaldsskólana fyrir fólk 25 ára aldri svo allir fái tækifæri til að mennta sig til nýrra starfa. Þetta væri virðingaverð byrjun!



**Í raun eru örorkulífeyrisþegar heldur færri hér í samanburði við flest Norðurlandanna.**

## VÉLASÝNING

17. 18. og 19. september frá kl. 10-17



Kaffi á könnunni

Sýndar verða vélar frá Robland og allt það sem við höfum upp á að bjóða í þjónustu við tréiðnaðinn.

Starfsmenn frá Robland verksmiðjunni verða á staðnum.

**Röggi ehf.**

Smiðshöfða 12, 110 Reykjavík • S: 5868000 • www.roggi.is

# Gamaldags réttlæti



Guðmundur  
Andri Thorsson

Talað er um það í fréttaskýringum að Jeremy Corbyn, nýr leiðtogi Verkamannaflokksins, sé gamaldags, fulltrúi úreltra viðhorfa á borð við að útrýma fátækt, skapa jöfn tækifæri og hugsa um hagsmunum heildarinnar fremur en einstakra forréttindahópa. Hann hefur talað gegn hernaðarhyggju og árásum á fjárlæg lönd. Hann hefur talað um að hlutverk stjórnmálanna sé að stuðla að gagnkvæmri virðingu, skilningi, jákvæðni – og réttlæti.

Í fréttaskýringum er þetta látið hljóma eins og hann ætli að kalla Gúlagið yfir England.

## Frelsi, jafnrétti og bræðralag

Réttlætið kann að vera gamaldags en það er líka nútildags: það fellur aldrei úr gildi. Sjálf hugmyndin um jafnrétti allra manna og jöfn tækifæri í lífinu er hornsteinn þeirra samfélaga sem byggð hafa verið í Evrópu. Það er ekki jaðarskoðun. Hugmyndin um að ranglæti sé hagkvæmara og þar með æskilegra en réttlæti er hins vegar öfgaskoðun, og ekki á að veita þeim stjórnmála-

mönnum brautargengi sem slíkar hugmyndir aðhyllast.

Corbyn stendur ekki fyrir úrelt sjónarmið þó að hann vilji (eins og flestallir samlandar hans) að járnbrautirnar verði aftur færðar í almannaeigu. Hann stendur fyrir klassísk sjónarmið. Hitt virðist augljóst, að sú þjóðfélagstilraun sem hófst fyrir alvöru í valdatíð Margrétar Thatcher í Englandi og Ronalds Reagan í Bandaríkjunum – og Davíðs Oddssonar hér hjá okkur – er runnin út í sandinn; græðgis-hyggjan með tilheyrandi áherslu á misskiptingu, óréttlæti, stórfyrirtækjadekur, glundroða, sýndargróða og hirðuleysi um náttúru og önnur verðmæti hefur unnið ómældan skaða og er vonandi búin að syngja sitt síðasta sem ráðandi hugmyndafræði í þjóðfélaginu.

Í Englandi háttar svo til að stéttaskipting er miklu rótgrónari en við erum svo lánsöm að hafa átt að venjast hér á landi. Þar er hún nánast innbyggð, óorðuð en liggur í loftinu og litar öll samskipti fólks á flestum sviðum þjóðlífsins, og eitrar alls staðar andrúmsloftið. Hér á landi var um hríð lagt mikið kapp á að búa til svipað andrúmsloft, þar sem sumt fólk reyndi að telja sig yfir aðra hafði vegna ríkisdæmis – en fram að þessu hefur verið hlegið að slíku fólk hér á landi, og verður vonandi enn um hríð. Reynt var að koma því inn hjá okkur að tiltekin borgarhverfi væru finni en önnur, tilteknir skólar finni en aðrir og tiltekin störf finni



Jeremy Corbyn er nýr leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi.  
NordicPhotos/AFP

en önnur. Slíkar hugmyndir stríða gegn sjálfri grundvallar-sjálfsmynd þjóðarinnar: að við sitjum hérna meira og minna öll saman í þessari súpu: að vera Íslendingar.

## Áhrifin hér á landi

Hér á landi er áreiðanlega mikill hljómgrunnur fyrir þau sjónarmið sem Corbyn heldur á lofti. Gott ef þetta eru ekki almenn ríkjandi sjónarmið hér. Í Englandi rúmast þeir hins vegar í einum og sama flokknum Tony Blair og Jeremy Corbyn – enn að minnsta kosti. Hér á landi eru jafnaðarmenn ekki í rónni fyrr en þeir eru búnir að stofna nýjan flokk gegn „fjór-flokknum“, með þeim árangri að hægri menn hafa stjórnað Íslandi meira og minna alla okkar fullveldistíð; þegar vinstri flokkarnir komust loks til valda þurftu þeir að vísu að endurreisa efnahagskerfið eftir mestu efnahagsófarir Íslandssögunnar, heimatilbúnar að mestu, en sökum þess að vinstri flokkunum tókst ekki, á fjórum árum að færa til betri vegar allt sem aflaga hafði farið á Íslandi öll fullveldisárin – með markvisst málþóf minnihlutans í gangi frá morgni til kvölds og um nætur – þá ákváðu kjósendur að leiða á ný til valda hægri flokkana og refsa vinstri flokkunum. Það væri sami rassinn undir þeim öllum, sem er eitt af þessum íslensku orðtökum sem ég hef aldrei almennilega skilið: hvaða rass? Einum rassi svipar vissulega til annars, en mér er ekki ljóst hvers

vegna ég eigi að draga svo altækar ályktanir af því.

Það eru einkum tvö mál sem valda því að SF og VG geta ekki átt von á fylgisaukningu alveg á næstunni. Annað er Icesave, sem vinstri flokkarnir áttuðu sig aldrei á að snerist ekki nema í aðra röndina um peninga; hitt er stjórnarskráin sem er mál sem neitar að hverfa, enda hefði samþykkt nýrrar stjórnarskrár leitt til mikilla umbóta á að minnsta kosti kosningakerfi okkar; komið á raunverulegu lýðræði hér, þar sem atkvæði væru jafngild burtséð frá búsetu. Síðasta ríkisstjórn færðist of mikið í fang í stjórnarskrármálinu og hafði ekki afl til að leiða það til lykta; og hefði raunar ekki veitt af meiri stuðningi, til dæmis frá þeim sextiu og fjórum prósentum landsmanna sem sniðgengu kosningarnar til stjórnlagabings, sem þar með hafði mjög veiklað umboð og var útsettara en ella fyrir árásum öflugra óvina. Þau þrjátíu og sex prósent landsmanna sem þó sýndu málinu áhuga eru hins vegar ekki reiðubúin að fyrirgefa SF, VG og BF að hafa samið við minnihlutann um að setja stjórnarskrármálið í nefnd, í stað þess að láta hægri menn um að drepa málið með málþófi. Við það situr.

Sum sé Jeremy. Ensk stjórn mála hafa löngum haft furðu mikil áhrif hér á landi, sé haft í huga hversu ólíkt kerfi þeirra er okkar og raunar samfélagsgerðin öll. Mun sigur hans hrista upp í vinstri flokkunum okkar? Alveg áreiðanlega. Og mun ekki af veita.



Réttlætið kann að vera gamaldags en það er líka nútildags: það fellur aldrei úr gildi. Sjálf hugmyndin um jafnrétti allra manna og jöfn tækifæri í lífinu er hornsteinn þeirra samfélaga sem byggð hafa verið í Evrópu.

# Hafa skal það sem sannara reynist



Guðríður  
Arnardóttir  
formaður Félags  
framhaldsskólakennara

Við fyrstu sýn má mögulega telja vel í lagt, þ.e. launahækkunir okkar framhaldsskólakennara. En skoðum samningsforsendur okkar og sérfræðinga á hinum almenna markaði nánar.

## Launaskrið lítið sem ekkert

Í aðdraganda kjarasamninga vorið 2014 var unnið með gögn frá árinu 2012 og 2011. Á þeim tíma voru regluleg dagvinnulaun sérfræðinga á almennum markaði rúmum 72% hærrí en framhaldsskólakennara. Já sjótiugtvöprosent! Þrátt fyrir tæplega 16% uppsafnaða launahækkun á árinu 2014 munaði enn 58% á meðal dagvinnulaunum þessara sömu hópa.

Það er nefnilega þannig að nokkrir hópar opinberra starfsmanna, þar á meðal kennarar, semja jafnt um lágmarks- og hámarks laun. Kjarasamningar á almennum markaði, t.d. hjá VR og ASÍ, tryggja lágmarks laun og sýna gögn að rétt um 5% félagsmanna VR eru á lágmarkstöxtum.

Í kjarasamningum framhaldsskólakennara vorið 2014 var í fyrsta skipti viðurkennd sú staðreynd að launaskrið meðal kennara er lítið sem ekki neitt. Aftur og aftur hafa þessar stéttir dregist aftur úr í launum og mátt heyja harða baráttu fyrir sínu, samt stöndum við nú sem fyrr langt að baki félögum okkar á almenna markaðinum þegar kemur að launakjörum.

Ég vísa því algjörlega út í hafsauga að kennarar á öllum skólastigum beri einhverja ábyrgð á efnahagslegum óstöðugleika. Ég óska öðrum launþegum alls góðs, sem og forystufólki annarra vinnandi stétta, og vildi óska að okkur tækist að reka hvert um sig kjarabaráttu án þess að tala hvert annað niður. Eitt veit ég þó fyrir víst – framhaldsskólakennarar eru enn eftirbátar í launum í samanburði við launþega á almennum markaði svo það er óþarfi að sjá ofsönunum yfir prósentuhækkunum sem enn eru langt frá því að brúa leiðina frá okkur til þeirra.



Ég vísa því algjörlega út í hafsauga að kennarar á öllum skólastigum beri einhverja ábyrgð á efnahagslegum óstöðugleika.

Kjarasamningar framhaldsskólakennara hafa orðið ýmsum að yrkisefni síðustu daga og þrátt fyrir rómaða geðprýði get ég ekki lengur orða bundist. Helstu verkalýðsforkólfar landsins sem og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins virðast nefnilega vera þeirrar skoðunar að þessir samningar okkar hafi komið af stað skriðu sem nú ógnar efnahagslegum stöðugleika. Þannig eiga samningar okkar að hafa lagt linur fyrir gerðardóm og þar með launahækkunir BHM og hjúkrunarfræðinga.

Til upprifunar þá skrifuðu framhaldsskólakennarar undir kjarasamning þann 4. apríl á síðasta ári sem fól í sér uppsafnaða 30% launahækkun á samningstímanum, út október 2016.

Ég er reyndar almennt þeirrar skoðunar að við sem stöndum í fylkingarbrjósti verkalýðsbaráttu í landinu (því öll erum við verkalýður sama hvaða prófgráður leynast í handraðanum) eigum að standa saman í stað þess að ráðast hvert gegn öðru, því ég kalla það ekkert annað en árásir þegar forystufólk annarra stéttarfélaganna úttalar sig með þessum hætti um kjarasamninga annarra.

## STÓRAR SENDINGAR VIÐ FÖRUM LÉTT MEÐ ÞAÐ

Með öflugum dreifikerfi Póstsins kemur þú þínum vörum hratt og örugglega hvert á land sem er. Hvort sem um ræðir stakar vörur eða bílfarma þá hefur Pósturinn lausnina. Eitt símtal og við erum að dansa.

[www.postur.is](http://www.postur.is)



Fréttablaðið/Daniel Þór

# Á toppnum eins og kvennadeild Breiðabliks

Breiðablik kórónaði frábært tímabil í Pepsi-deild kvenna með 3-0 sigri á ÍBV í lokaumferðinni. Blikar fóru taplausir í gegnum sumarið og unnu 16 af 18 deildarleikjum sínum. Blikakonur fengu aðeins á sig fjögur mörk í allt sumar og það þarf að fara aftur til ársins 1996 til að finna jafn góða vörn í efstu deild kvenna.

**FÓTBOLTI** Átjándi og síðasta umferð Pepsi-deildar kvenna fór fram á laugardaginn. Breiðablik vann 3-0 sigur á ÍBV og náði þar með þeim frábæra árangri að fara taplaust í gegnum tímabilið. Blikar unnu 16 af 18 leikjum sínum og gerðu tvö jafntefli

og töpuðu því aðeins fjórum stigum. Þetta er í annað sinn sem lið fer taplaust í gegnum tímabil eftir að liðum í efstu deild kvenna var fjölgað í tíu árið 2008 en Stjarnan átti fullkomið tímabil 2013 þegar Garðbæingar unnu alla 18 leikina.

Blikakonur skoruðu flest mörk allra liða í Pepsi-deildinni í sumar (51) og fengu einungis fjögur mörk á sig. Það þarf að fara alveg aftur til ársins 1996 til að finna jafn góðan varnarárangur hjá liði í efstu deild kvenna, en fyrir 19 árum fékk

Breiðablik aðeins á sig þrjú mörk þegar liðið tryggði sér Íslandsmeistararitilinn þriðja árið í röð. Þess ber þó að geta að 1996-lið Breiðabliks lék aðeins 14 leiki í deildinni, samanborið við 18 deildarleiki hjá Blikaliðinu í ár. – **ÍÞS**

## Nýjast

### Pepsi-deild karla

**FH 3-1 ÍBV**  
0-1 Ian Jeffs (15.), 1-1 Steven Lennon (25.), 2-1 Atli Guðnason (48.), 3-1 Lennon, viti (79.).

**Leiknir 2-3 Fjölnir**  
1-0 Guðmundur Karl Guðmundsson (16.), 1-1 Hilmar Árni Halldórsson (20.), 2-1 Kristján Páll Jónsson (24.), 2-2 Guðmundur Karl (83.), 2-3 Kennie Chopart (90+4.).

**Valur 3-2 Keflavík**  
1-0 Patrick Pedersen (5.), 1-1 Magnús Þórir Matthiasson, viti (14.), 1-2 Martin Hummervoll (20.), 2-2 Pedersen, viti (53.), 3-2 Emil Atlason (73.).

**ÍA 0-0 KR**

**Víkingur 2-2 Breiðablik**  
0-1 Oliver Sigurjónsson (18), 1-1 Vladimir Tufegdzic (47.), 1-2 Höskuldur Gunnlaugs (71.), 2-2 Ívar Örn Jónsson, viti (89.).

Efst	Neðst
FH 45	ÍBV 18
Breiðablik 37	Leiknir 15
KR 36	Keflavík 7

### Pepsi-deild kvenna

**Breiðablik 3-0 ÍBV**  
1-0 Aldís Kara Lúðvicksdóttir (19.), 2-0 Telma Hjaltalín Prastardóttir (31.), 3-0 Telma Hjaltalín (88.).

**Selfoss 4-2 Þór/KA**  
1-0 Dagný Brynjarsdóttir (10.), 1-1 Klara Lindberg (29.), 1-2 Lilly Rut Hlynsdóttir (65.), 2-2 Donna Kay Henry (75.), 3-2 Guðmunda Brynja Óladóttir (87.), 4-2 Guðmunda Brynja (90+1).

**Stjarnan 6-0 Afturelding**  
1-0 Poliana Barbosa Medeiros (9.), 2-0 Poliana (10.), 3-0 Anna Björk Kristjánsdóttir (19.), 4-0 Harpa Þorsteinsdóttir (60.), 5-0 Guðrún Harpa Sigurðardóttir (75.), 6-0 Harpa (80.).

**Valur 5-0 Þróttur**  
1-0 Katia Maanane (21.), 2-0 Vesna Elísa Smiljkovic (47.), 3-0 Agla María Albertsdóttir (53.), 4-0 Vesna Elísa (61.), 5-0 Agla María (83.).

**Fylkir 1-3 KR**  
0-1 Shakira Duncan (34.), 0-2 Kelsey Loupee, viti (53.), 1-2 Aivi Luik (69.), 1-3 Duncan (86.).

Efst	Neðst
Breiðablik 50	Fylkir 25
Stjarnan 45	Valur 25
Selfoss 36	KR 15
Þór/KA 30	Afturelding 7
ÍBV 26	Þróttur 2

**FANNDÍS FÉKK GULLSKÓINN**  
Fanndís Friðriksdóttir, markadrottning Pepsi-deildar kvenna, fékk gullskó Adidas afhentan eftir leik Breiðabliks og ÍBV í lokaumferðinni á laugardaginn. Fanndís skoraði 19 mörk í 18 leikjum fyrir Íslandsmeistara Blika. Harpa Þorsteinsdóttir, sem vann gullskóinn 2013 og 2014, hreppti silfurskóinn en Stjörnukonan gerði 15 mörk, jafn mörg og Klara Lindberg, framherji Þórs/KA. Harpa spilaði færri mínútur í sumar og því fékk hún silfurskóinn.



## Í dag

19.00	West Ham - Newcastle	Sport 2
21.00	Messan	Sport 2
19.15	Stjarnan - Fylkir	Samsung-völlur
19.30	ÍR - Afturelding	Austurberg
19.30	Grótta - FH	Hertz-höllin
20.00	Fram - Víkingur	Framhús

# Kolvetrnaskert, próteinríkt og fitulaust

Hentar fyrir LKL mataræði



Skýr.is


# Nú er frost í kortunum



Vandaðar frystikistur frá  AEG og  Ficold.

 **Ficold**

Vandaðar danskar frystikistur

 **AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



Vörunúmer	Lítrar	Stærð: HxBxD	Verð	Orka	Tegund
920672596	213 ltr.	87x80x66 cm	kr. 79.900,-	A+	
920711298	304 ltr.	86x105x66 cm	kr. 99.900,-	A+	
920478988	404 ltr.	86x132x66 cm	kr. 109.900,-	A+	
EC53HL	504 ltr.	86x150x73 cm	kr. 129.900,-		
EC61HL	581 ltr.	86x170x73 cm	kr. 139.900,-		
EC71HL	670 ltr.	86x180x77 cm	kr. 169.900,-		

## Vandaðir frystiskápar frá AEG og ZANUSSI

				
				
<p>HT925052816 229 ltr. - Hvítur 185x60x66 A++</p> <p><b>Kr. 199.900,-</b></p>	<p>HZ925052542 248 ltr. - Hvítur 185x60x67 A+</p> <p><b>Kr. 119.900,-</b></p>	<p>HT922643296 251 ltr. - Stál 180x60x66 A++</p> <p><b>Kr. 209.900,-</b></p>	<p>HZ925052543 248 ltr. - Stál 185x60x67 A+</p> <p><b>Kr. 129.900,-</b></p>	<p>HT925052527 251 ltr. 185x60x66 A++</p> <p><b>Kr. 89.900,-</b></p>

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15



**ORMSSON**  
Greiðslukjör  
Vaxtalaust  
í allt að 12 mánuði

[ormsson.is](http://ormsson.is)



ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

# Er hinn nýi Henry fundinn?

Hinn 19 ára Anthony Martial, dýrasti unglíngur fótboldasögunnar, stimplaði sig inn með látum í sínum fyrsta leik fyrir Manchester United. Og það gegn erkifjendunum í Liverpool sem hafa tapað tveimur í röð.

**FÓTBOLTI** Það voru margir sem ráku upp stór augu þegar Manchester United greiddi Monaco 36 milljónir punda fyrir franska unglínginn Anthony Martial á lokadegi félagaskiptaguggans. Hinn 19 ára Martial var ekki þekktasta nafnið í bransanum og hafði aðeins skorað 11 mörk í 52 deildarleikjum í Frakklandi. Við fyrstu sýn virtist hann því ekki vera augljósa svarið við vandamálu United í sóknarleiknum.

Í dag er nafn Anthony Martial hins vegar á allra vörum eftir að þessi dýrasti unglíngur í fótboldasögunni skoraði þriðja mark United í 3-1 sigri á erkifjendunum í Liverpool á Old Trafford á laugardaginn.

Fyrri hálfleikurinn í leik þessara fornu fjenda var afar tíðindalítill svo ekki sé fastar að orði kveðið. United var þó sterkari aðilinn og hélt boltanum vel, án þess þó að skapa sér opin færi. David de Gea, sem skrifaði óvænt undir nýjan fjögurra ára samning við United á föstudaginn, kom inn í byrjunarliðið og hann hafði það afskaplega náðugt í fyrri hálfleiknum.

Það lifnaði yfir leiknum í seinni hálfleik og hann var aðeins fjögurra mínútna gamall þegar Daley Blind kom heimamönnum yfir með góðu skoti eftir vel útfærða aukaspurnu. Martial kom inn á sem varamaður fyrir Juan Mata á 65. mínútu og fimm mínútum síðar tvöfaldaði Ander Herrera forystu heimamanna með

marki úr vítaspurnu sem hann fiskaði sjálfur. Sigurinn virtist vera kominn í höfn en Christian Benteke var ekki á sama máli og Belginn hleypti spennu í leikinn þegar hann skoraði með stórkostlegri klippu á 84. mínútu.

En þá var röðin komin að Martial. Frakkinn hafði lítið sést eftir að hann kom inn á en á 86. mínútu kviknaði á honum. Martial fékk þá boltann frá Ashley Young vinstra megin á vallahelmingi Liverpool og réðist til atlögu á vörn gestanna. Frakkinn fór inn á völinn, lék svo skemmtilega á Martin Skrtel og kláraði færið af mikilli yfirvegum framhjá Simon Mignolet í marki gestanna. Og þetta gerði hann fyrir framan hörðustu stuðningsmenn United í Stretford End-stúkunni sem fögnuðu sínum manni vel og innilega.

„Hann hefur staðið sig vel á æfingum og þess vegna valdi ég hann í hópinn.“ sagði Louis van Gaal, knattspyrnustjóri United, eftir leikinn á laugardaginn en þetta var þriðji sigur hans á Liverpool í jafn mörgum leikjum sem stjóri United. „Þegar þú skorar svona mark, þá er ekki hægt að biðja um mikið meira.“

Tilþrífing og afgreiðslan minntu um margt á annan Frakka sem spilaði í ensku úrvalsdeildinni, sjálfan Thierry Henry sem skoraði nokkur svona mörk á sínum tíma. Það er auðvitað alltof snemmt að setja hann í sama

flokk og snillinginn Henry og það er ekkert öruggt í þessum efnum. Martial á langt í land og svo gæti farið að hann reyndist vera næsti David Bellion en ekki næsti Henry sem lék einnig með Monaco á sínum tíma.

En byrjunin lofar allavega góðu og Martial virðist koma með nýja vidd inn í sóknarleik United sem hafði ekki verið góður fram að leiknum um helgina. Hvað sem síðan gerist, þá mun

Martial sennilega aldrei gleyma frumraun sinni í rauða búningnum. [ingvithor@365.is](mailto:ingvithor@365.is)



## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin

Everton	3-1	Chelsea
Norwich	3-1	Bournemouth
Crystal Palace	0-1	Man City
Arsenal	2-0	Stoke City
Watford	1-0	Swansea
Man Utd	3-1	Liverpool
Sunderland	0-1	Tottenham
Leicester City	3-2	Aston Villa

### Efst

Man. City	15
Leicester	11
Man. Utd.	10
Arsenal	10
Crystal Pal.	9

### Neðst

Bournemouth	4
Chelsea	4
Newcastle	2
Stoke	2
Sunderland	2

### Hvað gerði Gylfi?


Gylfi Þór Sigurðsson var að vanda í byrjunarliði Swansea sem tapaði sínum fyrsta leik á tímabilinu gegn nýliðum Watford. Gylfi var tekinn af velli á 71. mínútu.

### Stærstu úrslitin Man.

Utd fór upp í 3. sæti deildarinnar með 3-1 sigri á erkifjendunum í Liverpool sem eru dottnir niður í 9. sæti.

**Hetjan** Steven Naismith gleymir laugardegnum ekki bráð en hann gerði sér lítið fyrir og skoraði öll þrjú mörk Everton í 3-1 sigri á Englandsmeisturum Chelsea en Skotinn kom inn á sem varamaður snemma leiks.

**Kom á óvart** Það voru ekki margir sem könnuðust við nafnið Kelechi Iheanacho fyrir laugardaginn en þessi 18 ára nigeríski strákur skaut upp á stjórnuhimininn þegar hann tryggði Man City sigur á Crystal Palace með marki á lokamínútunni, skömmu eftir að hafa komið inn á sem varamaður.



Hinn heimsþekkti breski sönghópur

## The King's Singers

Tvöfaldir Grammy-verðlaunahafar



Eldborg  
16. september kl. 20:00

Nánari upplýsingar í síma 528 5050, á [harpa.is](http://harpa.is) og [tix.is](http://tix.is)

[www.harpa.is/tks](http://www.harpa.is/tks)

ICELANDAIR

Arion banki

CENTER HOTELS

LEXUS

Brandenburg

## Við eigum fullt erindi í þessa deild

**HANDBOLTI** Önnur umferð Olis-deildar karla í handbolta hefst í kvöld með þremur leikjum. ÍR fær Aftureldingu í heimsókn, nýliðar Vikings sækja Fram heim og í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi mætast Gróttu og FH. Þetta er fyrsti heimaleikur Gróttu í efstu deild í 1.275 daga, eða síðan Seltirningar töpuðu 23-26 fyrir Fram í Hertz-höllinni 12. mars 2012. Gróttan féll það ár eftir að hafa aðeins fengið þrjú stig í 21 leik.

Gróttu endaði í 4. sæti 1. deildar 2013 og 2014 en í fyrra héldu Seltirningum engin bönd og þeir unnu 1. deildina með miklum yfirburðum. Þeir leika því í deild þeirra bestu á nýjan leik í vetur.

Gróttu teflir fram svipuðu liði og í fyrra en hefur þó fengið nokkra nýja leikmenn til liðs við sig. Þeir eiga það flestir sameiginlegt að hafa áður spilað með Gróttu. Þeirra á meðal er hornamaðurinn Finnur Ingi Stefánsson en hann sneri aftur á Nesið í sumar eftir fimm ára dvöl hjá Val.

„Það er gaman að vera kominn aftur,“ sagði Finnur í samtali við Fréttablaðið í gær. „Þetta eru nýjar aðstæður fyrir mig en ég er búinn að vera í annarri stöðu með Val undanfarin ár. Þetta er öðruvísi áskorun.“

Gróttumenn fóru ekki vel af stað í Olis-deildinni en þeir töpuðu fyrsta leik sínum, 24-21, fyrir Aftureldingu á fimmtudaginn. Finnur segir að stress og spennu hafi hamlað Seltirningum framan af leik.

„Við fundum það á móti Aftureldingu að við eigum fullt erindi í þessa deild, þótt úrslitin hafi verið óhagstæð,“ sagði Finnur sem var markahæstur Gróttumanna í leiknum gegn Mosfellingum með sex mörk.

„Við byrjuðum ekki vel, og það má kannski skrifa

það á reynsluleysi, en eftir þessa erfiðu byrjun vorum við á pari við þá. Það var stress og spennu í hópnum og við þurftum smá tíma til að hrista það af okkur.“

Það er stutt á milli feigs og ófeigs í Olis-deildinni en tvö neðstu liðin falla á meðan hin átta fara öll í úrslitakeppnina. Finnur segir að markmiðið sé að sjálfsgöðu að vera í hópi átta efstu liða þegar deildarkeppninni lýkur í lok mars.

„Það er ljóst mál að við ætlum í úrslitakeppnina,“ sagði Finnur og bætti við: „Við rennum svoltið blint í sjóinn og það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvar við stöndum. En ég held að deildin verði jafnari í vetur en hún hefur oft verið,“ sagði Finnur sem hefur leikið einn A-landsleik fyrir Íslands hönd.

Hann segir mikla stemningu fyrir handboltanum á Seltjarnarnesi en síðasta ár var án nokkurs vafa það besta í sögu Gróttu; kvennaliðið varð deildar-, bikar- og Íslandsmeistari í fyrsta sinn og karlaliðið vann sér aftur sæti í deild þeirra bestu eftir þriggja ára fjarveru.

„Það er gríðarlegur áhugi fyrir handboltanum úti á Nesi eftir árangur beggja liða í fyrra og vonandi getum við nýtt okkur þennan meðbyr,“ sagði Finnur Ingi Stefánsson að lokum. – *ips*





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LENNY HANNAR

Tónlistarmaðurinn Lenny Kravitz er hugmynda-  
smiðurinn nýrrar húsgangalínu í anda áttunda  
áratugarins. Línuna hannaði hann í samstarfi  
við CB2 fyrirtækið frá Chicago en í henni eru 20  
hlutir. Til dæmis lampar, veggskraut, mottur,  
púðar og húsgögn.

**MABEF**

LISTALAGERINN  
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)



**BEINT FRÁ BÖNDA** „Ég sé fyrir mér að þetta þróist út í heimasíðu eða app þar sem fólk gæti séð hvar næsti staður er þar sem hægt er að kaupa eitthvað beint í askinn.“

## FORN MATARÍLÁT VORU INNBLÁSTUR

**HÖNNUN** Íslenskir hönnuðir sækja gjarnan innblástur í menningararfinn, sagnahefðina eða íslenska náttúru. Björg Vilhjálmsdóttir er einn þeirra en íslenski askurinn varð henni innblástur í mastersnámi.

Askurinn er mastersverkefni mitt í hönnun við LHÍ. Námið snérist um sjálfbærni, umhverfi og meðvitund og mín nálgun var á viðbrögð við fjöldaframleiddum mat og einnota umbúðum. Matarílatið er tákn fyrir tengingu sem ég hef áhuga á, að tengja saman staðbundna fæðu og ferðir, að hægt sé að ferðast og kaupa mat beint í askinn,“ útskýrir Björg Vilhjálmsdóttir hönnuður en hún er einn þeirra íslensku hönnuða sem hafa sótt innblástur í menningararfinn.

Form og notagildi asksins heillaði Björgu. Hún hannaði því matarílát með skírskotun í hann en hún segir gamla askinn í raun hafa verið úthugsaðan.

„Askurinn var afar vel hannaður á sínum tíma, upp úr mikilli neyð og fátækt. Í askinum voru tvö hólfi, lok og bumba, eitt fyrir blautmatinn og annað fyrir þurrmat. Fólk gat setið með hann í kjöltu sér og matast. Mér finnst einnig fallett hvernig hver bar ábyrgð á sínum aski, fólk fékk matinn sinn í hann og borðaði eins og það vildi og lokaði ▶



### ÚTIVISTARKONA

Björg ólst upp við ferðalög og í verkefninu sameinaði hún göngumanninn og hönnuðinn.

## HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.



12v 0,8A

12v 5,5A

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

**TUDOR**

Bildshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



Magni

Jeannie

Bobby

Guðmundur

Jón Arnar

Kírópraktörarnir Bobby og Jeannie hafa hafið störf hjá Kírópraktörstofu Íslands.

Tímapantanir í síma 527 2277.

Hryggurinn þinn er grunnur að góðri heilsu. Láttu ekki verki og óþægindi koma í bakið á þér.

KIRÓ  
PRAKTÖR  
STOFA  
ÍSLANDS



Glæsilegar haustyrhafnir komnar!

B/A/S/L/E/R



**Parisar**  
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



ASKUR Björg segir gamla askinn hafa verið úthugsaðan og hönnun hans fullkomnað notagildið.

MYNDIR/BJÖRG VILHJÁLMSDÓTTIR

## Ennþá öflugra D-vítamín

Munnúði - tryggir hámarksupptöku

- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og braðgott
- Tryggir hámarksnýtingu



3ja mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og stórmörkuðum

► honum svo. Það er eins með ferðamanninn, hann getur áð og þarf ekki endilega að klára nestið, heldur svo áfram á annan stað þar sem kannski er verið að selja tómatu og bætir þeim þá í askinn. Ég skoðaði hvað fólk er að gera hér á Íslandi varðandi svæðisbundna matargerð. Þetta snýst ekki bara um flátið heldur stærri hugmyndafræði og mat beint frá bónda. Ég sé fyrir mér að þetta gæti þróast út í vef eða app þar sem fólk gæti séð hvar næsti staður er þar sem hægt er að kaupa eitthvað beint í askinn.“

Björg teiknaði formið upp og lét prenta askinn út í þrívíddarprentara úr bioplasti. Það er þó ekki lokaútgáfa og þegar fram líða stundir sér hún fyrir sér að reyna önnur efni.

„Ég er í viðræðum við handverksmenn um hvort hægt sé að búa til askinn úr tré, með nútímatækni en hann er með skrúfgangi svo hægt sé að hafa fljótandi mat í honum þó hann velkist um í bakpoka. Þrívíddarprentunin er frábær tækni til að búa til einn hlut og prufukeyra hugmyndina og hlutinn. Ég sé það samt ekki fyrir mér sem framleiðsluáferð fyrir vöruna. Ég er mikil útivistarkona sjálf og ólst upp við ferðalög. Ég prufukeyrði askinn í sumar og



það tókst vel. Göngumanneskjan, hönnuðurinn og hugsun um sjálfbæran lífstíl kemur þarna saman. Ég sé í raun engan endapunkt á verkefninu, sé það frekar fyrir mér sem net sem geti stækkað og að fólk geti lagt sitt til málanna og átt samtal um hvernig er að nota askinn í þessum tilgangi,“ segir Björg.

„Næst skref er svo að sýna hann og kynna erlendis og halda þróunarvinnunni áfram.“

heida@365.is

**HENTUG HÖNNUN** Fólk sat með askinn í kjöltunni þegar það mataðist. Það sama á við um ferðamanninn sem sest niður til að borða nesti.



AFMÆLISDAGAR

comma,

SMÁRALIND

## PERSÓNULEG HÖNNUN

Eina mesta og persónulegasta áskorun smíðsins Arnar Hackert var að smíða ker utan um ösku móður vinar síns sem hafði passað hann sem barn.

Smíðurinn Örn Hackert fékk nýlega afar persónulegt verkefni þegar hann var beðinn um að smíða ker utan um ösku Elísabetar Sigrúnar Einarasdóttur, eða Betu eins og hún var alltaf kölluð. Beta var móðir æskuvinar Arnar auk þess sem hún passaði hann sem dreng og vann síðar í Hagaskóla þegar Örn stundaði nám þar.

Örn var nýbúinn að fréttu andlát hennar þegar dóttir hennar hringdi og bað hann um að smíða ker utan um ösku móður sinnar. „Ég fraus í 10 sekúndur því ég hef aldrei gert neitt slíkt áður. En svo sagði ég auðvitað já enda ekki annað hægt.“

Fjölskylda Betu hafði fylgst með Erni og verkum hans á Facebook og líkað vel við þau verk sem hann sýndi þar. „Ég fékk að ráða verkinu alveg sjálfur. Eina sem ég þurfti að vita var hversu marga lítra keríð þyrfti að taka. Síðan hafði ég viku til stefnu þannig að ég hófst strax handa.“

Keríð er smíðað úr furuborði og Örn notaði franskar skúfur í boxið sem gerðu rammann fallegri. „Mig langaði að gera þetta í anda hennar og setti því „old school“ mynd af henni á viðinn þegar hún var ung. Síðan bætti ég svörtum krossi við. Þá voru tvær hliðar auðar og þá datt mér í hug að



leyfa börnum hennar að skilja eftir eitthvað fallett til móður sinnar. Því var bætt við „Elsku mamma“ og textabroti úr uppáhaldslagi Betu með Bítlunum, „In my life I've loved them all“.

Keríð er læst með tveimur lásnum og fengu börnin hennar þrjú lyklna til að vera nær móður sinni. Skoða má verk Arnar á Facebook undir Hackert Design.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Glæsilegar haustyfirhafnir komnar!

B/A/S/L/E/R

**Parisar**  
TÍZKAN

Skipholti 29b ☎ . 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



ASKUR Björg segir gamla askinn hafa verið úthugsaðan og hönnun hans fullkomnað notagildið.

MYNDIR/BJÖRG VILHJÁLMSDÓTTIR

## Ennþá öflugra D-vítamín

Munnúði - tryggir hámarksupptöku

- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og braðgott
- Tryggir hámarks-nýtingu



3ja mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og stórmörkuðum

► honum svo. Það er eins með ferðamanninn, hann getur áð og þarf ekki endilega að klára nestið, heldur svo áfram á annan stað þar sem kannski er verið að selja tómata og bætir þeim þá í askinn. Ég skoðaði hvað fólk er að gera hér á Íslandi varðandi svæðisbundna matargerð. Þetta snýst ekki bara um flátið heldur stærri hugmyndafræði og mat beint frá bónda. Ég sé fyrir mér að þetta gæti þróast út í vef eða app þar sem fólk gæti séð hvar næsti staður er þar sem hægt er að kaupa eitthvað beint í askinn.“

Björg teiknaði formið upp og lét prenta askinn út í þrívíddarprentara úr bioplasti. Það er þó ekki lokaútgáfa og þegar fram líða stundir sér hún fyrir sér að reyna önnur efni.

„Ég er í viðræðum við handverksmenn um hvort hægt sé að búa til askinn úr tré, með nútímataekni en hann er með skrúfgangi svo hægt sé að hafa fljótandi mat í honum þó hann velkist um í bakpoka. Þrívíddarprentunin er frábær tækni til að búa til einn hlut og prufukeyra hugmyndina og hlutinn. Ég sé það samt ekki fyrir mér sem framleiðsluáferð fyrir vöruna. Ég er mikil útivistarkona sjálf og ólst upp við ferðalög. Ég prufukeyrði askinn í sumar og



það tókst vel. Göngumanneskjan, hönnuðurinn og hugsun um sjálfbærar lífstíl kemur þarna saman. Ég sé í raun engan endapunkt á verkefninu, sé það frekar fyrir mér sem net sem geti stækkað og að fólk geti lagt sitt til málanna og átt samtál um hvornig er að nota askinn í þessum tilgangi,“ segir Björg.

„Næst skref er svo að sýna hann og kynna erlendis og halda þróunarvinnunni áfram.“

■ heida@365.is

**HENTUG HÖNNUN** Fólk sat með askinn í kjöltunni þegar það mataðist. Það sama á við um ferðamanninn sem sest niður til að borða nesti.

## PERSÓNULEG HÖNNUN

*Eina mesta og persónulegasta áskorun smíðsins Arnar Hackert var að smíða ker utan um ösku móður vinar síns sem hafði passað hann sem barn.*

**S**miðurinn Örn Hackert fékk nýlega afar persónulegt verkefni þegar hann var beðinn um að smíða ker utan um ösku Elísabetar Sigrúnar Einarsdóttur, eða Betu eins og hún var alltaf kölluð. Beta var móðir æskuvinar Arnar auk þess sem hún passaði hann sem dreng og vann síðar í Hagaskóla þegar Örn stundaði nám þar.

Örn var nýbúinn að fréttu andlát hennar þegar dóttir hennar hringdi og bað hann um að smíða ker utan um ösku móður sinnar. „Ég fraus í 10 sekúndur því ég hef aldrei gert neitt slíkt áður. En svo sagði ég auðvitað já enda ekki annað hægt.“

Fjölskylda Betu hafði fylgst með Erni og verkum hans á Facebook og líkað vel við þau verk sem hann sýndi þar. „Ég fékk að ráða verkinu alveg sjálfur. Eina sem ég þurfti að vita var hversu marga lítra keríð þyrfti að taka. Síðan hafði ég viku til stefnu þannig að ég hófst strax handa.“

Keríð er smíðað úr furuborði og Örn notaði franskar skúfur í boxið sem gerðu rammann fallegri. „Mig langaði að gera þetta í anda hennar og setti því „old school“ mynd af henni á viðinn þegar hún var ung. Síðan bætti ég svörtum krossi við. Þá voru tvær hliðar auðar og þá datt mér í hug að



leyfa börnum hennar að skilja eftir eitthvað fallett til móður sinnar. Því var bætt við „Elsku mamma“ og textabroti úr upphaldslagi Betu með Bítlunum, „In my life I've loved them all“.

Keríð er læst með tveimur lásnum og fengu börnin hennar þrjú lykllana til að vera nær móður sinni.

Skoða má verk Arnar á Facebook undir Hackert Design.




AFMÆLISDAGAR

comma,

SMÁRALIND

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



**Bogi Pétursson** lögg. fasteignasali  
**Finnbogi Hilmarsson** lögg. fasteignasali  
**Guðbjörg G. Blöndal** lögg. fasteignasali  
**Erla Dröfn Magnúsdóttir** Lögræðingur  
**Stefán Már Stefánsson**  
**Brynjólfur Snorrason**  
**Gunnlaugur A. Björnsson**  
**Hjálmar Már Kristinsson**  
**Ásdís Irena Sigurðardóttir**



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500


Allir þurfa þak yfir höfuðið

# 588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



**Bárður Tryggvason** Eigandi Sölufulltrúi 896 5221  
**Ingólfur Geir Gissurarson** Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg. fasteignasali 896 5222  
**Heiðar Friðjónsson** Sölustjóri Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356  
**Erlendur Davíðsson** Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útibús Ólafsvík 897 0199  
**Margrét Sigurgeirsdóttir** Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477



**Heimir Bergmann** Sölufulltrúi 630 9000  
**Pétur Steinar Jóhannsson** Sölufulltrúi Snæfellsnes 893 4718  
**G. Andri Guðlaugsson** Lögræðingur Sölufulltrúi 662 2705  
**Kristján S. Bjarnason** 611 4870  
**Sturla Pétursson** lögg. fasteignasali 899 9083



[www.valholl.is](http://www.valholl.is) · [www.nybyggingar.is](http://www.nybyggingar.is)

## Falleg íbúð í Hafnarfirði

Fold fasteignasala hefur til sölu stórglæsilega endurnýjaða efri sérhæð á frábærum útsýnisstað í Hafnarfirði.

Sérinngangur. Gengið upp bjartan stigagang í hol með fataskápum. Komið í forstofu og stofu með frábæru sjávarútsýni, úr henni er gengt út á suðursvalir.

Eldhús er með nýrri fallegri innréttingu, ofn í vinnuhæð og spanhelluborð.

Inn af eldhúsi er þvottahús. Fjögur svefnherbergi eru í íbúðinni og skápar í tveimur þeirra.

Badherbergi er allt endurnýjað, flísalagt, þar er gluggi, handklæðaofn og baðkar. Gólfefni íbúðar eru massíft eikarparket og flísar á baði, þvottahúsi og and-dyri.

Séreign í kjallara er geymsla og herbergi með plastparketi. Sameign í kjallara er hitaklefi og sameiginlegt geymslurými. Lóðin er rúmgóð og er í rækt.

Að sögn seljanda eru allir rafmagnstenglar og rofar endurnýjaðir og nýr þrýstijafnari á hita-



Falleg íbúð á efri hæð við Flóka götu í Hafnarfirði.



kerfi. Stórglæsileg endurnýjuð efri sérhæð á fallegum útsýnisstað í Hafnarfirði, húsið er nýmálað að utan, gler er nýtt að stórum hluta og íbúðin endurnýjuð að innan.

Nánari upplýsingar hjá Fold, fasteignasölu, Laugavegi 170, sími 552-1400 og þjónustusíma utan skrifstofutíma 694-1401/895-7205 [www.fold.is](http://www.fold.is). Flóka gata 2, Hafnarfirði:

Eignin er að Flóka götu 2 í Hafnarfirði. Opið hús verður miðvikudaginn 16. september frá klukkan 18 til 18.30.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. [einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 [WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

### Prastarhöfði 61 - 270 Mosfellsbær



Nýtt og glæsilegt 262,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í botnlanga rétt við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 262,2 m<sup>2</sup>, þar af einbýlishús 220,6 m<sup>2</sup> og bílskúr 41,6 m<sup>2</sup>. Neðri hæð: Þrjú herbergi, forstofa, badherbergi, þvottahús, eldhús, stofa og bílskúr. Efri hæð: Hjónaherbergi, badherbergi og setustofa. Lagnakjallari með 2 metra lofthæð er undir bílskúr sem ekki er í skráðum m<sup>2</sup> hússins. Mjög stórar svalir eru á efri hæðinni. **V. 83,9 m.**

### Dimmuhvarf 29 -203 Kópavogur



Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr og hesthúsi við Dimmuhvarf 29 í Kópavogi. Eignin er skráð 339,6 m<sup>2</sup>, þar af einbýlishús 193,6 m<sup>2</sup>, bílskúr 59 m<sup>2</sup> og hesthús 87 m<sup>2</sup>. Stórt hellulagt bílaplan og stór timburverönd. **V. 95,0 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

### Vindás 4 - 110 Reykjavík




Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

58,8 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, hol, badherbergi, eldhús og stofu. Sérgeymsla á hæðinni. **V. 20,7 m.**

### Breiðavík 27 - 112 Rvk.



Opið hús í dag mánud. frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg 95,7 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi, timburverönd og heitum potti. Um er að ræða skipulagða og vel staðsetta íbúð. Íbúð 201. **V. 30,5 m**

### Barðastaðir 7 - 112 Reykjavík



Hringdu og bókaðu skoðun

Falleg og rúmgóð 108,8 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á annari hæð í lyftuhúsi, íbúð 203 **V. 33,9 m**

### Melabraut 36 - 170 Seltjam.



Laust strax

Hringdu og bókaðu skoðun

203,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Stórt hellulagt bílaplan. Hellulögð verönd og afgirt timburverönd. **V. 69,9 m.**


### Kvíslartunga 21 - 270 Mosfellsbær



Opið hús þriðjudaginn 15. september frá kl. 17:00 til 17:30

Mjög glæsilegt 247,7 fm parhús með innbyggðum 48,2 fm bílskúr við Kvíslartungu 21 á góðum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Á jarðhæðinni er forstofa, sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi, badherbergi og þvottahús auk bílskúrs. Á efri hæðinni eru stórar stofa, stórt eldhús og badherbergi. Efri hæðin er með mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu. Gluggar eru til allra átta og útsýnið er stórglæsilegt. Út af stofunni eru stórar svalir með glæsilegu útsýni. **V. 59,9 m.**


### Leirutangi 53 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

Fallegt 350,5 m<sup>2</sup> einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð í kjallara og tvöföldum bílskúr á fallegri 1.200 m<sup>2</sup> sjávarútsýnislóð við Leirutanga 53 í Mosfellsbæ. Stórt hellulagt bílaplan og fallegur gróinn garður með veröndum. Mjög fallegt útsýni er frá húsinu. **V. 89,0 m.**

### Gnitakór 5 -203 Kópavogur



Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

Fallegt 343,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr við Gnitakór 5 í Kópavogi. Fallegt útsýni. Eignin er skráð 343,8 m<sup>2</sup>, þar af íbúðarhluti á tveimur hæðum 307,8 m<sup>2</sup> og bílskúr 36 m<sup>2</sup>. **V. 79,9 m.**

### Fróðengi 6 - 112 Reykjavík



Laus við kaupsamning

Hringdu og bókaðu skoðun

75,3 m<sup>2</sup>, 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Fróðengi 6 í Grafarvogi. Íbúðin var upphaflega 2ja herbergja en búð er að búa til herbergi úr borðstofu. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, forstofu, badherbergi, geymslu/þvottahús, eldhús og stofu. Timburverönd í suðvestur. **V. 27,9 m.**



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN** ehf.



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfínsson**  
Sölumaður  
gisli@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**  
hdl. og lögg. fasteignasali



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Halldóra Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halldora@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



### VINDAKÓR 10-12- KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA OG 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.

Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru frá 113,6 fm til 144 fm.

Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

#### Hlíðarás - Hafnarfirði. Einbýlishús á útsýnisstað.



Glæsilegt 289,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 45,4 fm. bílskúr.

Húsið stendur á útsýnisstað við opið óbyggt svæði. Mikils útsýnis nýtur úr stofum til norðurs og útgengi er á stórar svalir með glerhandriði til norðurs og vesturs. Aukin lofthæð er á báðum hæðum og extra háar innihurðir. Gólfriti er í húsinu.

Nánari uppl. veittar á skrifstofu.

#### Markarflöt - Garðabæ



Glæsilegt 315,0 fm. einbýlishús á þöllum, að meðtöldum 42,0 fm. tvöföldum bílskúr, á frábærum stað innanlega við Markarflöt í Garðabæ.

Húsið var mjög mikið endurnýjað fyrir fáeinum árum síðan, m.a. gólfefni, innihurðir, eldhúsinnrétting og tæki endurnýjuð auk baðherbergja og fataskápa. Arninn er í stofu og gólfsiðir gluggar. Hjónasvíta sem samanstendur af svefnherbergi, fataherbergi og baðherbergi. Lóðin snýr að mestu leyti til suðurs. Skjólsælar verandir eru á lóð með skjólveggjum auk tyrðrar grasflatar og mikils gróðurs.

#### Fellsás- Mosfellsbæ



171,4 fm. vandað og vel byggt einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 39,8 fm. bílskúr.

Húsið er timburhús klætt múrsteini á ytra byrði. Samliggjandi rúmgóðar stofur. 2-3 herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Lóðin er eignarlóð 1.299 fm. að stærð, ræktað og með timburveröndum og skjólveggjum.

Hellulögð innkeyrsla er að bílskúr með hitalögnum.

**Verð 49,9 millj.**

#### Porláksgesli. Endaraðhús.



Mjög fallett, vandað og vel skipulagt 185,7 fm. endaraðhús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað.

Innbyggður bílskúr er 29,7 fm. að stærð og er hluti af stærð hússins. Björt stofa með mikilli lofthæð. Þrjú herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi.

Húsið stendur á afar fallegum útsýnisstað og er bæði með rúmgóðum suðursvölum auk stórrar og skjólsællar víðarverandar til suðurs. Stór innkeyrsla fyrir 3 bíla á framlóð Stutt í skóla og aðra þjónustu

**Verð 56,9 millj.**

#### Vatnsstigur. Glæsileg 3ja herbergja útsýnisíbúð.



Glæsileg 135,6 fm. útsýnisíbúð með suðursvölum á 6. hæð við Vatnsstíg auk sér bílastæðis í bílageymslu í kjallara hússins.

Tvö herbergi, sjónvarpshol og rúmgóð stofa.

